

## Íslensk flugmiðlun ehf. Í skörpu flugtaki



6

## Lárus Welding Kominn með keflið



8-9

## Framtíðarsýn Straums Háleit markmið



14

## Varist vítin

„Fjármálaafurðir og áhættustýring eru gríðarlega flókin fyrirbæri sem fáir skilja. Því verður að fylgjast vel með svo þau séu ekki misnotuð,“ segir Nick Leeson, verðbréfamiðlarinn fyrrverandi sem þekktastur er fyrir að gera breska Barings-bankann gjaldþrota fyrir tólf árum.



NICK LEESON

Leeson segir í viðtali við Markaðinn í dag að stjórnendur og endurskoðendur bankans hefðu með virku eftirliti getað komið í veg fyrir misnotkun hans á fjármunum bankans í afar áhættusömum gjaldveyrisskiptum sem leiddu til gjaldþrotsins.

- job / sjá síðu 12

## Ekkert lát á krónubréfaútgáfu

Norræni fjárfestingabankinn tilkynnti í gær um krónubréfaútgáfu að nafnvirði fimm milljarðar króna. Bréfin falla í flokk krónubréfa sem koma á gjalddaga í september 2008.

Það sem af er september hafa krónubréf að andvirði 22,5 milljarðar króna fallið á gjalddaga. Hinn 20. september næstkomandi falla sextíu milljarðar á gjalddaga.

Útistandandi krónubréf nema nú um 423 milljörðum króna að nafnvirði.

- jsk

## FRÉTTIR VIKUNNAR

**Eyjamenn selja** | Glitnir hefur keypt tæplega fjörutíu prósent hlut í Tryggingamiðstöðinni (TM) af félögum Guðbjargar M. Matthíasdóttur og hjónanna Sigríðar E. Zoëga og Geirs G. Zoëga auk tengdra aðila.

**Vilja sameinast** | Forsvarsmenn Sparisjóðsins í Keflavík, Sparisjóðs Vestfirðinga og Sparisjóðs Húnaþings og Stranda ætla að leggja til á fundi stofnfjáreigenda í nóvember að sjóðirnir sameinist.

**Met slegið** | Velta með hlutabréf í Glitni er orðin meiri það sem af er ári en heildarvelta í Kauphöll árið 2002. Kauphöllin miðar við að ársvelta félags samsvari markaðsvirði þess.

**Vilja evru** | Lagt verður fyrir stjórnarfund Kaupþings í næsta mánuði að hlutafé bankans verði skráð í evrum. Þá verður einnig lagt til að bækur bankans verði gerðar upp í evrum.



**Alfesca líka** | Tillaga um að skrá hlutafé Alfesca í evrum og að auka hlutafé um allt að 1,7 milljarða hluta liggur fyrir aðalfundi Alfesca sem verður haldinn mánuðaginn 24. september næstkomandi.

**Fáránleg hugmynd** | Á vaxtaákvörðunarfundi Seðlabankans, þar sem kynnt var sú ákvörðun að halda stýrivöxtum óbreyttum í 13,3 prósentum, sagði seðlabankastjóri einhliða upptöku evrunnar „fáránlega hugmynd“.

**Fimmta stoðin** | Stjórnendur Alfesca stefna að því að ljúka kaupum á breska fyrirtækinu Oscar Mayer fyrir áramót. Með kaupunum á félaginu yrði fimmta stoðin reist undir starfsemi Alfesca með tilbúnum réttum.

# Skráningu Símans kann að verða frestað

Hugsanlegt er að Síminn fari fram á undanþágu frá samkomulagi við ríkið um að skrá félagið á markað fyrir áramót. Forstjóri félagsins segir aðeins leitað dagsetningar.

Jón Skaftason  
skrifar

Forsvarsmenn Símans kunna að fara fram á undanþágu frá samkomulagi sínu við einkavæðingarnefnd þess efnis að skrá Símann á hlutabréfmarkað fyrir áramót, verði aðstæður á markaði óheppilegar. „Það getur ekki verið tilgangur ríkisins að selja bréf á lágu verði. Samkomulagið er gert með það í huga að markaðsaðstæður verði eðlilegar og nú er það okkar að fylgjast með því,“ segir Brynjólfur Bjarnason, forstjóri Símans.

Síminn var einkavæddur sumarið 2005 og var kaupverðið 66,7 milljarðar króna. Kaupandi var eignarhaldsfélagið Skipti, þar sem Exista fer með fjörutíu og fimm prósent eignarhlut og Kaupþing með þrjátíu prósent. Í kaupsamningnum er ákvæði þess efnis að kaupendum beri að skrá félagið á hlutabréfmarkað eigi síðar en í árslok 2007.

Brynjólfur Bjarnason segir undirbúning skráningarinnar á lokastigi og raunar sé einungis leitað heppilegrar tímasetningar, enda séu skráningar-

lýsing og nauðsynleg gögn nánast tilbúin. „Það er allt klárt. Nú erum við bara að fylgjast með markaðnum sem hefur verið fremur órölegur undanfarið. Við höfum verið að fara í gegnum þetta og höfum velt fyrir okkur ýmsum dögum. Auðvitað reynum við að standa við samkomulagið og gera þetta fyrir áramót, en það verður bara að koma í ljós.“

Mikill óróleiki hefur verið á hlutabréfamörkuðum undanfarnar vikur í kjölfar fregna á vanskilum á annars flokks húsnæðislanum í Bandaríkjunum. Úrvalsvísitalan hefur hækkað og lækkað á víxl og stendur nú í rúmum 7.900 stigum eftir að hafa hæst farið í 9.016 stig í júlí síðastliðnum. Greiningardeildir bankanna hafa þó ekki vikið frá spám sínum og telja vísitöluna eiga talsverða hækkun inni fram að áramótum.

Síminn hefur á árinu ráðist í kaup á tveimur erlendum félögum; danska símafélaginu Business Phone Group og hinu breska Aerofone. Félagið er langstærsta óskráða eign Existu og er bókfært virði eignarhlutarins 13,5 milljarðar króna.

## Vanskil eru í sögulegu lágmarki

FME segir útlánaaukningu síðustu missera kunna að vera ávisun á vanskil síðar.

Vanskil eru í sögulegu lágmarki samkvæmt nýju yfirliti Fjármálaeftirlitsins (FME). Ragnar Hafliðason, aðstoðarforstjóri FME, segir þau vanskilahlutföll sem nú sjást vera þau lægstu á tímabilinu sem yfirlitið nær yfir, en það eru rúm sex ár.

Ragnar áreittar þó að þótt hlutfall vanskila sé nú í sögulegu lágmarki beri að athuga að aukning útlána á undanförunum misserum kunni að koma fram í auknum vanskilum síðar. „Í því sambandi er rétt að benda á að þátttaka innlánsstofnana í fasteignalánunum frá og með seinni hluta ársins 2004 kann að hafa haft áhrif á þróun vanskila sem sýnd er á yfirlitinu, einkum vanskilahlutfall einstaklinga,“ segir hann.

Hlutfall vanskila af útlánum í lok annars ársfjórðungs þessa árs er tæplega 0,6 prósent, samanborið við 0,7 prósent í lok fyrsta fjórðungs og rúmlega 0,5 prósent í lok árs 2006. „Frá árslokum 2005 hefur hlutfallið verið á bilinu 0,5 til 0,7 prósent, sem eru lægstu vanskilahlutföll sem sést hafa á því rúmlega 6 ára tímabili sem yfirlitið nær yfir,“ segir í frétt Fjármálaeftirlitsins.


Tölurnar sem FME hefur tekið saman um vanskil útlána hjá innlánsstofnunum miða við lok júní í ár og borið saman við næstu ársfjórðunga á undan. Horft er til vanskila sem staðið hafa lengur en einn mánuð. Um er að ræða brúttó vanskil og því ekki dregnar frá fjárhæðir sem

lagðar hafa verið til hliðar sem sérstakar afskriftir.

Fram kemur í tölum FME að vanskilahlutfall fyrirtækja hafi verið 0,5 prósent um mitt þetta ár, en það sé óbreytt samanborið við árslok 2006. „Vanskilahlutföll fyrirtækja miðað við eins og tveggja ára tímátöf eru 0,6 prósent og 1,0 prósent og eru þau lægstu sem yfirlitið sýnir.“ Þá var hlutfall vanskila einstaklinga 0,8 prósent í lok annars ársfjórðungs 2007 og er það nánast óbreytt hlutfall frá lokum tveggja næstu ársfjórðunga á undan. Fram kemur að vanskilahlutföll einstaklinga miðað við eins og tveggja ára tímátöf séu 0,9 prósent og 1,4 prósent og séu líkt og með fyrirtæki þau lægstu sem yfirlitið sýnir.



Flotaeftirlit – tækjanotkun og aksturslagsgreining  
www.trackwell.com




**Örugg ávöxtun í þeirri mynt sem þér hentar**

Peningabréf Landsbankans

- ISK 14,4%\*
- GBP 6,5%\*
- USD 5,4%\*
- EUR 4,7%\*
- DKK 4,4%\*
- CAD 4,2%\*

Markmið Peningabréfa er að ná hærri ávöxtun en millibankamarkaður og gjaldveyrisskipting. Enginn munur er á kaup- og sölugengi.



Peningabréf ISK/EUR/USD/GBP eru fjárfestingarsjóðir í skilningi laga nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Sjóðirnir eru reknir af Landsvaka hf., rekstrarfélagi með starfsleyfi FME. Landsbankinn er vörsluafli sjóðanna. Athygli fjárfesta er vakin á því að fjárfestingarsjóðir hafa rýmri fjárfestingarheimildir skv. lögnum heldur en verðbréfasjóðir. Um frekari upplýsingar um sjóðina, m.a. hvað varðar muninn á verðbréfasjóðum og fjárfestingarsjóðum og fjárfestingarheimildir sjóðanna, vísast til útböðslýsingar og útdráttar úr útböðslýsingu sem nálgast má í afgreiðslum Landsbankans auk upplýsinga á heimasíðu bankans, landsbanki.is.

\* Nafnvöxtun á ársgrundvelli frá 1. ágúst – 31. ágúst 2007.

## GENGISPRÓUN

	Vika	Frá áramótum
Atorka	2,7%	43,0%
Bakkavör	-2,7%	3,5%
Exista	-6,0%	41,8%
FL Group	-4,0%	-2,2%
Glitnir	-1,6%	19,5%
Eimskipafélagið	-2,7%	23,1%
Icelandair	-4,4%	-4,7%
Kaupþing	-4,9%	30,3%
Landsbankinn	-4,8%	50,2%
Straumur	-5,1%	11,8%
Teymi	-1,9%	11,6%
Össur	-3,7%	-8,8%

Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn

## Lítið frelsi á Íslandi

Ísland kemur illa út úr alþjóðlegum samanburði á frelsi til alþjóðaviðskipta. Skýrsla Samstarfsnets um efnahagslegt frelsi í heiminum, samstarfsverkefni sjálfstæðra rannsóknar- og fræðslustofnana, sýnir að Ísland er í 109. sæti af 141. Þar situr Ísland með löndum á borð við Pakistan, Marokkó og Úganda.

Birgir Tjörvi Pétursson, framkvæmdastjóri Rannsóknarmiðstöðvar um samfélags- og efnahagsmál, segir flókna og of háa tolla og innflutningshöft, einkum í landbúnaðarmálum, draga Ísland niður. „Á sama tíma og mikl-

ar efnahagslegar umbætur hafa orðið á Íslandi hefur verið vanrækt að gera hér raunverulegar umbætur á þessu sviði. Við höfum fallið niður listann ár eftir ár. Árið 2004 vorum við í 87. sæti og því 77. árið 2003.“

Hluti af skýringunni á falli Íslands er að önnur lönd hafa bætt sig. Allt skrifast þó ekki á það. Einkunn Íslands lækkaði úr 6,4 í 5,8. Það gefur til kynna að Ísland standi sig verr ár frá ári. Birgir Tjörvi segir flækjustigið heldur verða meira en minna með árunum. „Við erum að nýta verðmætar auðlindir á óhagkvæman hátt og



**BIRGIR TJÖRVI PÉTURSSON** Ísland kemur illa út úr alþjóðlegum samanburði á frelsi til alþjóðaviðskipta. Framkvæmdastjóri RSE segir stuðlað að soun í hagkerfinu.

stuðla að soun í hagkerfinu. Með því drögum við úr möguleikum landsmanna á fjölbreyttu vöruúrvali.“

Ísland kemur líka illa út úr möguleikum á erlendum fjárfestingum hér á landi og er þar í sjötugasta sæti. -hhs

## Verk og vit í annað sinn

Halda á stórsýninguna Verk og vit í annað sinn dagana 17. til 20. apríl 2008 í Laugardalshöllinni. Síðast var sama sýning haldin í mars 2006, en síðasta vor var jafnframt sýningin Tækni og vit.

Upphaflega átti Verk og vit að vera þriðja hvert ár, en undirtektir í viðhorfskönnun þóttu gefa tilfni til að vera fyrir á ferðinni.

Í tilkynningu kemur fram að undirbúningur sé í fullum gangi og þegar búið að bóka yfir 40 prósent sýningarsvæðisins. Nánari upplýsingar eru á [www.verkogvit.is](http://www.verkogvit.is). -óká

## Flóknar viðræður í gangi

Tekist á um matvælavinnsluvélahluta Stork.

Allt kapp er lagt á að ljúka viðræðum LME, Candover og Stork áður en út rennur framlenging á yfirtökutilboði Candover í Stork eftir tæpa viku.

Gengi bréfa hollensku iðnsamstæðunnar Stork hefur verið milli 46 og 47 evra frá því Candover framlengdi tilboðið 18. þessa mánaðar. Erlendir sérfræðingar segja styðja við verðið að Stork útiloki ekki lengur að selja Stork Food Systems frá samstæðunni, en svo nefnist matvælavinnsluvélahluti félagsins.

Tilboð Candover var framlengt að fengnu samþykki LME eigna-



**SJOERD VOLLEBREGT FORSTJÓRI STORK**

haldsfélags Eyrís Invest, Landsbankans og Marel Food Systems. LME, sem á nú yfir 43 prósent hlut í Stork-samstæðunni, kvaðst ekki mundu samþykkja yfirtökuboð Candover og hefur þrýst á um yfirtöku Marels á Food Systems hluta Stork. Viðræður LME, Stork og Candover standa

enn yfir, en samkvæmt heimildum sem standa félögunum nærri er ferlið flókið og óvíst að viðræðum ljúki á þessari viku sem eftir er af framlengingartíma yfirtökutilboðsins. Heimilt er að framlengja einu sinni til viðbótar og þá um hálfan mánuð. -óká

## Straumur kastar Burðarási

Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki gengur nú í daglegu tali undir nafninu Straumur. Burðarás hefur verið fjarlægð úr merki bankans sem meðal annars þrýðir allt kynningarefni sem frá honum kemur. Lagalega er heiti félagsins þó enn Straumur-Burðarás fjárfestingarbanki.

Jóhanna Vigdís Guðmundsdóttir, forstöðumaður samskiptasviðs Straums, segir enga ákvörðun hafa verið tekna um formlega nafnbreytingu. Slík breyting þurfi að fara fram á hluthafafundi sem næst verði haldinn í mars. „Það stendur ekki til að kalla til hluthafafundar vegna þessa. Markaðurinn hefur iðulega vísað til Straums en ekki



Straums-Burðarás í daglegu tali. Við erum með þessu að laga okkur að því,“ segir Jóhanna.

Alls er óvíst að nafnið Straumur muni fylgja bankanum um ókomna tíð. Á mánudaginn var ný framtíðarsýn fyrir næstu þrjú árin kynnt. Þar kom meðal annars fram að árið 2010 muni bankinn starfa undir einu og sama vörumerkinu á öllum mörkuðum. Ekki hefur verið tekin ákvörðun um hvort það vörumerki verði Straumur eða hvort bankinn fái annað nafn. -hhs

# Bankarnir standa keikir við sitt

Samkvæmt spá greiningardeilda bankanna á úrvalsvísitalan allt að sautján prósent hækkun inni fram að áramótum. Ekki er talin ástæða til endurskoðunar þrátt fyrir óróa undanfarið.

**Jón Skaftason**  
skrifar

Greiningardeildir bankanna sjá ekki ástæðu til að endurskoða spár sínar um afkomu á hlutabréfmarkaði þrátt fyrir miklar sveiflur undanfarnar sex vikur og óróa á alþjóðamörkuðum.

Bankarnir spáðu því að úrvalsvísitalan myndi enda árið í ár á bilinu 8.500 til 9.300 stigum. Vísitalan stendur nú í um 7.960 stigum, og á því samkvæmt bjartsýnustu spám um sautján prósent hækkun inni fram að áramótum.

Greining Glitnis spáði fjörutíu og fimm prósent hækkun vísitölnunnar á árinu og að lokagildið yrði kringum 9.300, en árshækkun úrvalsvísitölnunnar nemur nú um tuttugu og fjórum prósentum. Jónas Friðbjólfsson, sérfræðingur hjá Glitni, segir enn ekki ástæðu til að endurskoða þá spá greiningar en bendir á að í byrjun næsta mánaðar verði gefin út endurskoðuð afkomuspá. „Markaðurinn er óútreiknanlegur þessa dagana því sveiflurnar eru svo rosalegar. Einn daginn er allt að fara til helvítis, en

þann næsta er allt í himnalagi og mikil bjartsýni. Eg hef enn ekkert séð í rekstri félaganna sem ætti að fá okkur til að breyta spánni í flýti.“

Kaupþing spáir því að árslokagildi úrvalsvísitölnunnar verði um 8.500 stig. Haraldur Yngvi Pétursson, sérfræðingur í greiningardeild, segir bankann standa keikan við þá spá, enda hafi ekkert í undirliggjandi rekstri félaga kauphallarinnar breyst, þrátt fyrir óróa á alþjóðamörkuðum. „Við sjáum ekki að tímabært sé að breyta okkar spá. Það er langt eftir af árinu enn þá, þannig að ég sé ekki að nokkur ástæða sé til að fara á taugum.“

Landsbankinn fór bil beggja í sinni spá um þrjátíu og sjö prósent hækkun á árinu og að úrvalsvísitalan myndi enda í 8.750 stigum. Karl Kári Mátsson, sérfræðingur í greiningardeild, segir enn ekki ástæðu til að endurskoða spá bankans um þróun á hlutabréfmarkaði. „Ef áframhaldandi órói verður á erlendum mörkuðum kann að verða óhjákvæmilegt að endurskoða þessa spá okkar. Óróa á alþjóðamörkuðum fylgir gjarnan veiking krónunnar og þá hefur hlutabréfmarkaðurinn oft fylgt í kjölfarið.“

## Launamunur kynjanna eykst

Leiðréttur launamunur kynjanna er heldur að aukast en hitt. Nú mælist hann 8,8 prósent en var 7,6 prósent árið 2005 og 6,8 prósent árið 2003. Þetta á við launamun leiðréttan með tilliti til vinnuframlags, menntunar, starfs, atvinnugreinar, aldurs, vinnuframlags, mannaforráða og starfsaldurs. Þetta sýnir ný kjarakönnun

Félags viðskipta- og hagfræðinga sem gerð var meðal rúmlega tvö þúsund viðskipta- og hagfræðinga.

Pröstur Olaf Sigurjónsson, formaður Félags viðskipta- og hagfræðinga, segir skýringuna að konur setji fram lægri kröfur en karlar. „Rannsóknir sýna að konur eru ekki síðri samningamenn en

karlar. Ekki fyrir en kemur að því að semja fyrir sjálfs síns hönd. Þá biðja þær um minna.“

Miðgildi heildarlaunatekna viðskipta- og hagfræðinga er 520 þúsund krónur á mánuði og hefur hækkað um þrettán prósent frá árinu 2005. Miðgildi tekna karla er 586 þúsund krónur á mánuði en kvenna 450 þúsund. -hhs



512 5100 | SYN.IS | VERSLANIR VODAFONE

## TRYGGÐU ÞÉR ÁSKRIFT AÐ SÝN 2

Gakktu frá áskrift á Netinu og fáðu 30% afslátt af fyrsta mánuðinum

**SYN2**  
enski boltinn

# Þú ert ekki hjá SPRON Verðbréfum er það?

Það skiptir máli að spara á réttum stað.

Peningamarkaðssjóður SPRON hefur gefið langhæstu ávöxtun allra peningamarkaðssjóða á Íslandi síðustu 12 mánuði eða **15,4%\***.

Enginn annar íslenskur peningamarkaðssjóður náði yfir 15% á sama tímabili\*.

**Peningamarkaðssjóður SPRON** hefur það markmið að ná góðri ávöxtun og áhættudreifingu. Hann hentar því vel fyrir þá sem vilja ekki taka mikla áhættu en njóta samt stöðugar ávöxtunar. Enginn kostnaður fylgir því að fjárfesta í sjóðnum og inneignin er algjörlega óbundin.

Kynntu þér málið nánar á [spronverdbref.is](http://spronverdbref.is)



75 ára

 **spron**

VERÐBRÉF

Vegmúla 2 – 108 Reykjavík – 550 1310 – [verdbref@spron.is](mailto:verdbref@spron.is) – [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is)

\*Nafnávöxtun miðast við 31. ágúst 2006 til 31. ágúst 2007 skv. sjodir.is

Peningamarkaðssjóður SPRON er fjárfestingarsjóður skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Rekstrarfélag SPRON.

Útboðslýsingu má nálgast á heimasíðu SPRON Verðbréfa, [www.spronverdbref.is](http://www.spronverdbref.is). Athygli er vakin á að fjárfestingarsjóðir eru áhættumeiri fjárfestingarkostur en verðbréfasjóðir skv. lögum.

## Bankar búa sig undir skuldadaga

Óttast er að bankar og fjármálafyrirtæki í Evrópu verði fyrir skelli á næstu tíu dögum en þá falla allt að 70 milljarða punda skuldabréf á gjalddaga, jafnvirði níu þúsund milljarða króna. Svo gæti farið að bankarnir þyrftu í versta falli að reida fram háar fjárhæðir takist þeim ekki að endurfjármagna eldri lán.

Greinendur segja það vel geta hent að bankar og fjármálafyrirtæki sjái sér nauðugan kostinn að punga út upphæðinni allri eða hluta hennar þar sem fagfjárfestar á borð við lífeyrissjóði séu

tregari til að kaupa skuldabréf banka nú en áður og vilji bíða þess að lygni á fjármálamarkaði.

Breska ríkisútvarpið segir banka og fjármálafyrirtæki í Evrópu hafa upp á síðkastið safnað í varasjóði til að eiga fyrir greiðslu lána sem þessara.

Staðan er talsvert erfiðari á lánamarkaði nú en áður og hafði breska blaðið Sunday Times eftir ónafngreindum heimildamanni um helgina að ástandið á fjármálamarkaði hefði ekki verið verra í tutugu ár.

-jab

## Greiðslumiðlun verður Valitor

Tíundi hluti starfseminnar er í útlöndum og stefnt á frekari útrás.

Nafni Greiðslumiðlunar – VISA Íslands hefur verið breytt í Valitor ásamt því sem ráðist hefur verið í áherslu- og skipulagsbreytingar hjá fyrirtækinu. Ástæða breytinganna er sögð vera vaxandi starfsemi utan landsteinanna og aukin breidd í þjónustu fyrirtækisins.

Höskuldur H. Ólafsson, forstjóri Valitor, segir verið að styrkja stöðir fyrirtækisins í flóknara samkeppnisumhverfi. „Samkeppni hefur farið vaxandi hér heima. Við erum bara hluti af þessum heimi þar sem landa-

mæri eru ótt að hverfa. Til skamms tíma var það þannig að kortafyrirtækin voru landfræðilega afmörkuð, en það hefur breyst og í því sjáum við tækifæri,“ segir Höskuldur og kveður fyrirtækið undanfarið hafa verið að byggja upp viðskipti með samningum við kaupmenn erlendis.

„Það hefur gengið ágætlega og er orðið um tíu prósent af okkar kortaveltu. En þetta hyggjumst



HÖSKULDUR H. ÓLAFSSON

við margfalda á næstu misserum.“ Aukinheldur segir Höskuldur „Greiðslumiðlun“ hafa verið erfitt nafn að nota á erlendum tungum og því tilefni þartilendurnýjunar. „Við erum að búa okkur undir að vera viðræðuhæfari. Þá verður líka tengingin við VISA

lausari því við erum að vinna líka með önnur kortafyrirtæki.“

-óká

## FL vill leikjafyrirtæki

Markaðsvirði Inspired Gaming Group er rúm 35 milljarðar króna samkvæmt tilboði FL Group.

FL Group hefur gert óformlegt yfirtökutilboð í alla hluti breska leikjafyrirtækisins Inspired Gaming Group. Tilboð FL Group hljóðar upp á 385 pens á hlut, en samkvæmt því er markaðsvirði félagsins um 35,5 milljarðar króna.

Samkvæmt tilkynningu frá FL Group er allsendis óvíst að formlegt yfirtökutilboð verði lagt fram. Hjá FL Group var enginn fánlegur til viðtals, enda kveða yfirtökureglur skýrt á um þagmælsku í tilfellum sem þessum. Inspired Gaming Group er skráð á AIM-markaðinn í Lundunum, sem er markaður sérsniðinn smærri og millistórum fyrirtækjum. FL Group á nú þegar 18,9 prósent hlut í félaginu, en FL Group keypti tíu prósent hlut á 240,5 pens á hlut í maí síðastliðnum. Inspired Gaming Group selur leikjavélar og hugbúnað fyrir afþreyingar- og leikjamarkaðinn.



HANNES SMÁRASON FORSTJÓRI FL GROUP Yfirtökutilboð FL Group í Inspired Gaming Group hljóðar upp á 385 pens á hlut. Gengi bréfa í félaginu stóð í tæpum 375 pensum um hádegisbil í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Gengi bréfa í Inspired Gaming Group stóð í tæpum 370 pensum á AIM-markaðnum um hádegisbil í gær og hafði hækkað um tæplega hálf prósent það sem af var degi. Samkvæmt því gengi er markaðsvirði félagsins um 33,8 milljarðar króna.

-jks

## Keppinautar saman um almannahag

Forystumenn fjölda verslunar-fyrirtækja, sem mörg hver eiga í samkeppni, ætla að sameinast um markmið til hagsbóta fyrir neytendur, starfsfólk sitt og þjóðina alla. Yfirlýsing um þetta verður undirrituð í lok morgunverðarfundar Samtaka verslunar og þjónustu sem fram fer á Nordica milli klukkan átta og tíu í fyrramálið.

Á fundinum verður meðal annars fjallað um hvað verslunin í

löndunum í kringum okkur geri í hollustumálum. Guðlaugur Þór Þórðarson heilbrigðisráðgjafi flytur ávarp og Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri SVP, flytur erindið „Betri lífshættir – ábyrgð verslunarinnar.“

-óká



SÚKKULAÐI Dökkt súkkulaði er sagt heilsusamlegt í höf. Á morgun skrifa stærstu verslanir landsins undir yfirlýsingu þar sem lagst er á árar með þeim sem stuðla vilja að auknu heilbrigði þjóðarinnar.



UNNIÐ AÐ NÝSMÍÐI Forstjóri stærsta fasteignalánafyrirtækis Bandaríkjanna segist sjaldan hafa séð það svartara á húsnæðismarkaði vestan hafs en nú.

MARKADURINN/AFP

## Uppsagnir hjá Countrywide

Staðan á bandaríska fasteignalánamarkaðnum hefur ekki verið verri um árabil. Reiknað er með að harðna muni í ári.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

Countrywide Financial, eitt stærsta fasteignalánafyrirtæki Bandaríkjanna, ihugar að segja upp allt að tólf þúsund starfsmönnum í hagræðingarskygni á næstu þremur mánuðum. Þetta jafngildir því að fimmtungi starfsmanna verði sagt upp. Fjármála-skýrendur segja þetta fyrstu stóru uppsagnahrinu og telja líkur á að allt upp undir 100 smærri fasteignalánafyrirtæki í Bandaríkjunum muni segja upp allt að 100 þúsund starfsmönnum á næstu mánuðum, að sögn fréttaveitu Bloomberg.

Hagur fasteignalánafyrirtækja á borð við Countrywide hefur versnað mjög á árinu, ekki síst eftir að vanskil jukust á vordögum hjá lántökum fyrirtækisins með litla greiðslugetu, sem alla jafna fengu ekki hefðbundin húsnæðislán. Svo illa hafa vanskilin farið með Countrywide að fjárfestingarbankinn Merrill Lynch sagði fyrirtækið ramba á barmi gjaldþrots seint í ágúst. Vanskil í þessum lánaflokki ollu niðursveiflu á fjármálamörkuðum víða um heim um miðjan síðasta mánuð en það hefur aftur leitt til þess að aðgengi að lánsfé er takmarkað og endurfjármögnun fjármálafyrirtækja getur orðið erfiðari en ella.

Angelo Mozilo, forstjóri Countrywide, sagði í innan-hússbréfi sem hann sendi starfsmönnum fyrirtækisins í sl. viku að þrengingarnar nú væru þær verstu

sem hann hefði séð á fasteignamarkaði vestanhafs um árabil. Þá beindi hann orðum sínum til bandaríska seðlabankans og sagði uppsagnir verða færri bötnuðu aðstæður á fjármálamörkuðum, svo sem með lækkun stýrivaxta.

Fjárfestar í Bandaríkjunum hafa frá miðju ári þrýst á seðlabankann að lækka vexti til að bæta úr stöðunni. Bankinn hefur hins vegar staðið fast á sínu, að til slíkra ráða grípi hann ekki fyrr en draga taki úr verðbólgu í Bandaríkjunum. Þrátt fyrir þetta telja fjármálaskýrendur í Bandaríkjunum yfirgnæfandi líkur á að seðlabankinn lækki stýrivexti á vaxta-ákvörðunarfundi sínum í næstu viku til að koma í veg fyrir að há ávöxtunarkrafa berist út í verðlag. Gerist það er hætt við að neytendur haldi að sér höndum og dragi úr einkaneyslu, sem aftur getur leitt til minni hagvaxtar í Bandaríkjunum á seinni hluta árs.

Countrywide hefur gert ýmislegt til að bæta stöðuna. Meðal annars hefur það breytt útlánastefnu sinni og nýtt sér 11,5 milljarða dala lánaheimild. Þá seldi fyrirtækið hlut til Bank of America fyrir tvo milljarða dala. Önnur fyrirtæki sem starfa í svipuðum útlánageira og Countrywide hafa á sama tíma orðið gjaldþrota síðan á vordögum en önnur berjast við að rétta úr kútnum.

Countrywide hefur dregið seglin mikið saman vegna stöðunnar sem upp er komin og gera stjórnendur fyrirtækisins ráð fyrir því að útlán muni dragast saman um allt að 25 prósent á næsta ári.

# Einfalt mál

EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Markaðurinn á Vísi alla daga



VIÐSKIPTAFRÉTTIR  
ALLA DAGA VIKUNNAR

# FORSKOT FYRIR KRÖFUHARÐA

## ThinkPad

ThinkPad er heill tölvuheimur fyrir kröfuharða notendur og býr yfir ThinkVantage tækni sem einfaldar daglega notkun og tryggir öryggi. Yfirburða tækni, gæði, lág bilanatíðni, öryggi og hönnun eru höfð í fyrirrúmi.

Frá því ThinkPad fartölvur komu á markað hafa þær unnið til meira en 1200 verðlauna fyrir hönnun og virkni og er því mest verðlaunaða fartölva sögunnar. Frábær virkni tölvunnar ásamt þjónustu Nýherja setur þig í öruggar hendur.



FINGRAFARALESAFI



LENGRI RAFHLÖÐUENDING



GAGNABJÖRGUN MEÐ EINUM TAKKA



FALLVÖRN



### ThinkPad T60 Wide

Intel Core 2 Duo T5500  
1,6GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

15,4" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel GMA 950 128MB PCI-e

Bluetooth netkort, 54g WiFi  
DVD±RW DL skrifari

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

1 x ExpressCard, PC Card

Þyngd 2.75 kg

Windows® XP Pro

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **5.590 kr.\***

Verð: **159.900 kr.**

### ThinkPad R61

Intel Core 2 Duo T7100  
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

1x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort, 54g WiFi  
DVD±RW DL skrifari

Öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **5.590 kr.\***

Verð: **159.900 kr.**

### ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7100  
1,8GHz m.2 kjörnum / 2MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

80GB 5400sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1280x800  
Intel Med. Acceler. X3100 256MB

Bluetooth netkort / 200n WiFi  
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **6.639 kr.\***

Verð: **189.900 kr.**

### ThinkPad T61 Wide

Intel Core 2 Duo T7300  
2GHz m.2 kjörnum / 4MB

2x1GB 667MHz DDR2 minni  
mest 4GB

100GB 7200sn harður diskur

14,1" breiðtjaldsskjár / 1440x900  
nVidia Quadro NVS 140M 128MB

Bluetooth netkort, 200n WiFi  
DVD±RW DL skrifari / Firewire

Fingrafaralesari, öryggisörgjörvi  
APS vörn fyrir gögnin

PC Card, Smartkortalesari

Þyngd 2.5 kg

Windows® Vista Business

Mánaðarlegar  
greiðslur\*: **7.688 kr.\***

Verð: **219.900 kr.**

**lenovo**  
PREMIUM  
WARRANTY  
SERVICE  
PROVIDER

Nýherji hefur fjögur ár í röð verið útnefndur „Premium Warranty Service Provider“ af Lenovo fyrir framúrskarandi þekkingu og góða þjónustu á Lenovo tölvum.

Verið velkomin í verslun Nýherja, Borgartúni 37, þar sem við aðstoðum við val á réttu fartölvunni. Söluaðilar um land allt.

[www.lenovo.is](http://www.lenovo.is)

Nýherji hf.

Borgartúni 37

105 Reykjavík

Sími 569 7700

[www.nyherji.is](http://www.nyherji.is)



**NÝHERJI**

# Leggja áherslu á farþegaflug – og eru í skörpu flugtaki

Íslensk flugmiðlun ehf., eða Icelandic Aircraft Management - IAM, heitir tíu ára gamalt fyrirtæki sem miðlar verkefnum milli flugfélaga auk þess að koma að kaupum og leigu á flugvélum. Síðustu ár hafa umsvif fyrirtækisins í útlöndum stórukaust þannig að ekki sér fyrir endann á og velta stórukaust. Óli Kristján Ármannsson tók hús á IAM og ræddi við *Magnús Friðjónsson framkvæmdastjóra*.

Utan þeirra sem starfa í flug- iðnaði vita ekki margir af starfsemi Íslenskrar flugmiðlunar ehf. sem þó hefur verið starfandi í áratug. Síðustu ár hafa umsvif fyrirtækisins vaxið hröðum skrefum og sé horft á þróunina á línuriti má líkja því við þotu í afar skörpu flugtaki eftir að hafa brunað út flugbrautina. Síðustu fjögur til fimm árin hefur markvisst verið stefnt á að auka hlut félagsins í viðskiptum utan landsteinanna og er nú svo komið að fimmtungshlutur er hér heima og áttatíu prósent í útlöndum. Því er ekki að undra að erlent heiti fyrirtækisins, Icelandic Aircraft Management, skammstafað IAM, sé frekar notað.

„Það hjálpar að koma frá Íslandi og ekki laust við að það opni dyr,“ segir Magnús Friðjónsson, framkvæmdastjóri IAM, enda landið talið hlutlaust og laust við alla forsögu sem þvælst gæti fyrir samkeppnisfyrirtækjum frá gömlum nýlenduþjóðum einhvers staðar í heiminum. „Svo veur staðsetningin líka bara forvitni og fólk er jákvætt. En þetta eru náttúrlega samt bara viðskipti og horft á hver býður best í þjónustu og verði,“ segir hann og kveður flugmiðlun óhemju skemmtilegan bransa, enda umhverfið eins alþjóðlegt og frekast geti orðið.

## ÁHERSLAN ER Á FARÞEGAFLUG

„Fyrirtækið var stofnað fyrir tíu árum en við fórum af stað fyrir alvöru árið 2000 þegar við leigðum vél fyrir Íslandsflug til Bahamas Air,“ segir Magnús, en í upphafi var aðaláhersla félagsins á samstarf við íslensku flugfélögin. „Síðan breyttist það og við höfum unnið mikið með erlendum félögum. Núna er staðan sú að um það bil tuttugu prósent af okkar umsvifum eru fyrir íslensk félög en um 80 prósent erlendis.“ Núna starfa sex manns hjá fyrirtækinu en í upphafi var Magnús Gunnarsson stjórnarformaður einn með félagið. Þá voru þeir tveir í dálítinn tíma en fjölgaði svo fljótlega þannig að árið 2003 voru starfsmenn orðnir fjórir talsins. Í fyrra bættust svo tveir í hópinn til viðbótar. „Síðan verður bara að koma í ljós hvenær við þurfum að bæta við næst. Við höfum ekkert á móti því að stækka svoltið,“ gantast Magnús.

Meginstarfsemi IAM er í flugvélamíðlun. „Þá leita kannski til okkar flugfélög sem til dæmis gætu verið með lausar vélar í sex eða tólf mánuði, vegna breytinga svo sem þegar leiðir hafa verið felldar niður eða slíkt. Svo koma aðrir til okkar sem vantar flugvélar í einhvern ákveðinn tíma.“ Þá segir Magnús að fyrirtækið selji einnig flugvélar og nefnir sem dæmi viðskipti við SAS, en höndlar þó ekki með nýjar vélar heldur sér um endursölu. „Nýlega seldum við fyrir þá fjórar flugvél-



**EIGENDUR ÍSLENSKRAR FLUGMIÐLUNAR** Magnús Friðjónsson framkvæmdastjóri og Magnús Gunnarsson, starfandi stjórnarformaður, eiga til jafns Íslenska flugmiðlun, sem á erlenda tungu nefnist Icelandic Aircraft Management og er skammstafað IAM. Fyrirtækið stofnaði Magnús Gunnarsson fyrir áratug. Árið 2000 bættist Magnús Friðjónsson við en hann hafði áður starfað hjá íslensku flugfélaginu Atlanta.

MARKAÐURINN/GVA

ar af gerðinni Boeing 737-600. Þá seldum við nýlega tvær Fokker-vélar á Spáni til japansks skipafélags.“

Aðaláherslan í starfsemi IAM er hins vegar á farþegaflugum, ólíkt því sem gerist hjá Avion Aircraft Trading, hinum íslenska flugvélamíðlaranum á markaðnum sem leggur áherslu á fraktvélar. „Flest okkar verkefni eru í blautleigu eða svokölluðu *wetlease* þar sem viðkomandi leigja flugvélar, áhafnir, viðhald og tryggingar. Við höfum mikið unnið með íslensku flugfélögunum og ferðaskrifstofunum. Svo erum við meðal annars umboðsmenn fyrir svissneska félagið Hello og sjáum um alla þeirra útleigu fyrir utan Sviss, en sjálfir fljúga þeir á svissneska markaðnum. Síðan höfum við verið að kaupa flugvélar sjálfir og stundum í félagi við aðra. Þar höfum við mikið verið á Fokker 50 markaði, en það eru vélar eins og þær sem notaðar eru í innanlandsflugi hér,“ segir Magnús en núna á IAM þrjár slíkar vélar sem leigðar eru til Air Baltic í Lettlandi, en það er fyrirtæki í eigu ríkisins og SAS.

„Markaðssvæði okkar er í raun heimurinn allur og við komum

**Á FLJUGANDI SIGLINGU**  
Markviss útrás hófst hjá AIM árið 2003 og 2004. Hér getur að líta MD90-vél í umsjá AIM sem er leigð frá Hello í Sviss til BritishJet á Möltu. MYND/AIM

að samningum á Indlandi, í Ísrael, á Möltu, Frakklandi, Ítalíu, Hollandi, Bretlandi og Íslandi.“

## GÍFURLEG AUKNING MILLI ÁRA

Magnús segir að samkeppni í flugvélamíðlun sé tölulægt en engu að síður sé þetta tiltölulega líttill og afmarkaður heimur. „Þetta byggist hins vegar mikið á því að við erum duglegir að kynna okkur, fara og heimsækja fyrirtæki og sækja ráðstefnur, en þar hittir maður gjarnan sama fólki aftur og aftur. Viðskipti sem þessi snúast mjög mikið um persónuleg tengsl og skemmtilegt hversu mörg flugfélög eru tekin að leita til okkar og biðja okkur um að sjá um útleigu á sínum vélum.“

Minnstu flugvélar sem IAM höndlar með eru Fokker 50 vélar, en þær stærstu eru 747 þotur frá Boeing, þótt undanfarin ár hafi fyrirtækið mest átt viðskipti með 757 og 767 þotur frá Boeing. Til marks um umfang viðskiptanna sem IAM á í nefnir Magnús að á undanförunum tveimur árum hafi fyrirtækið leigt, keypt eða selt 34 flugvélar og að heildarvelta í þeim umsvifum sé rúmur 25 milljarðar króna. „Núna erum við með 19 flugvélar í okkar umsjá og mestu viðskiptin eiga sér stað á Indlandi, en við leigjum Air India, ríkisflugfélaginu þar, þrjár vélar. Ein kemur frá CSA í Tékklandi og tvær frá Globespan í Bretlandi.“

IAM hefur tekið mikið stökk í veltu frá því á síðasta ári þegar hún var rúmar 200 milljónir króna. Í ár segir Magnús ráðgert að IAM og tengd félög velti tæpum 600 milljónum króna. Hann áréttar engu að síður að óvarlegt sé að lesa of mikið út úr breytingu á veltutölunum milli ára, enda sé það svo í viðskiptum sem þessum að samið sé um háar upphæðir og því geti stakir samningar haft mikil áhrif á einu ári. „Þarna geta verið í sumum tilvikum samningar til einhverra ára og okkar umboðslau koma kannski ekki inn fyrr en flogið er í raun. En auðvitað er þetta samt mikil breyting milli ára og þótt bransinn sé sveiflukenndur er aukningin á þessu ári gífurleg.“

Magnús segir framtíðina mjög spennandi enda séu að opnast gríðarstórir og spennandi markaðir á Indlandi, í Kína og Rússlandi. Þá felist tölulægt möguleikar í „open skies“-samningum milli Bandaríkjanna og Evrópu sem gildi taki í byrjun næsta árs. Samningar sem þessir sem gerðir voru innan Evrópu segir Magnús að hafi gjörbreytt rekstrarumhverfi flugfélaga þar og í raun gert mögulega starfsemi laggjaldaflugfélaga á borð við Ryanair, EasyJet og fleiri slíkra því aflagðar voru hömlur á því í hvaða löndum Evrópu félög máttu starfa. „Allar svona hræringar og breytingar eru góðar fyrir okkur og við erum bjartsýnir á framhaldið.“



MYND/AIM



NETVISION

Miðlaðu á markvissan hátt með Netvision

mentis HUGBÚNAÐUR



ÓKEYPIS REYNSLUTÍMI í 30 daga á www.mentis.is

Microsoft CERTIFIED Partner



# ÁÆTLAÐU PRENTÞÖRFINA OG SPARAÐU TÍMA OG PENINGA



Á oddi.is er nú hægt að gera áætlun um prentþörf fyrirtækis á ársgrundvelli. Með því má bæði spara tíma og peninga og auka yfirsýn til muna.

**Prófaðu í dag – niðurstaðan kemur þér skemmtilega á óvart!**

**Hraði, gæði og fagmennska**  
Í viðskiptaumhverfi nútímans skipta hraði og gæði viðskiptavini miklu máli. Við hjá Odda höfum einsett okkur að vera skapandi og traustur samstarfsaðili þeirra sem þurfa að koma skilaboðum á framfæri. Með vel þjálfuðu og reynslumiklu starfsfólki sem hefur beinan aðgang að öflugasta prenttækjakosti landsins getum við boðið þér þjónustu sem tryggir þér ráðgjöf fagmanna, gæði í framleiðslu og stuttan afhendingartíma.

**Prentlausnir – þinn lykill að einföldum og þægilegum viðskiptum**

Í vörulistanum Prentlausnum er að finna verð á yfir 1000 prentgripum. Upplýsingar um hvernig spara má enn frekar með því að velja vinnslutíma auk ýmissa annarra gagnlegra og nauðsynlegra upplýsinga sem gott er að hafa við hendina þegar kaupa á prentverk.

**Pantaðu ókeypis eintak Prentlausna á oddi.is**

# Alvöru alþjóðafyrirtæki leiðin til vaxtarins

Lárus Welding tók við keflinu af Bjarna Ármannssyni í Glitni. Hans verkefni er að fylgja eftir stefnu bankans í nýjum og spennandi kafla í alþjóðlegri uppbyggingu. *Hafliði Helgason* horfði á hlaupabrautina fram undan með forstjóranum, sem er búinn að nota sumarið til að reima á sig hlaupaskóna og er stökkinn af stað.

**P**að er kannski tákn hraðans í viðskiptalífnum að Lárus Welding setjist rétt rúmlega þrítugur í stól forstjóra Glitnis og að sá sem hverfur til annarra verkefna sé 39 ára. Á markaðnum var til þess tekið hversu smurt umskiptin gengu. Hvergi virðist hafa verið kastað til höndunum við umskiptin og búið býður heim mörgum tækifærum.

Sumarið er að baki og Lárus er búinn að koma sér fyrir. Fram undan er ögrandi verkefni við áframhaldandi uppbyggingu bankans með blöndu gamalla og nýrra stjórnenda. „Í mínum huga snúast næstu þrjú til fimm ár um að hafa metnað og vilja til að gera bankann að alvöru alþjóðlegu fyrirtæki. Það er eina leiðin í mínum huga til að búa til raunverulega aukin verðmæti fyrir hluthafana. Til þess þarf að búa til fyrirtæki sem á skilið að vera alþjóðlegt og getur laðað til sín erlenda fjárfesta.“

Lárus segir bankann í stefnumótunarferli. „Niðurstöður þar sýna að stefnan sem mótuð hefur verið er mjög góð og vel hugsuð.“ Bankinn hefur skilgreint Ísland og Noreg sem heimamarkað og einbeitt sér að sértækum verkefnum á alþjóðamarkaði í matvælaíðnaði, einkum sjávarútvegi, jarðvarmaorku og skipaíðnaði. „Verkefni okkar á Norðurlöndum, þar sem mikið hefur verið fjárfest í fyrirtækjum og við náð til okkar góðu starfsfólki, er núna að sýna áframhaldandi vöxt og hagnað. Við ætlum okkur að vera eitt fyrirtæki, en ekki móðurfélag með dótturfélög erlendis. Eina leiðin til að ná samlegð út úr rekstrinum er að ná bankanum saman í eina heild. Við höfum verið að kaupa, og nú þurfum við að einbeita okkur að því að reka.“ Hann segir að með erfiðari markaði verði fókus stjórnenda á hvar hagkvæmasti sé að vinna verkin. Þar verði Ísland að vera samkeppnishæft á öllum sviðum ætli menn að halda þeim ávinningi sem hefur náðst undanfarin ár.

Lárus þekkir vel til uppbyggingar fjárfestingarbankastarfsemi, en hann var lykilmáður í uppbyggingu Landsbankans í London. Glitnir hefur sterka stöðu í Noregi og hefur þaðan sótt fram til Svíþjóðar og Finnlands. Lárus segir ýmis tækifæri liggja á þeim slóðum. „Þetta eru rík lönd og mikið fjármagn til taks til fjárfestingar. Tækifærin eru mikil í markaðsviðskiptum og við höfum náð sterkri stöðu í miðlun og höfum nýtt þá stöðu á margvíslegan hátt, meðal annars til að koma alþjóðlegum sjávarútvegsfyrirtækjum á markað. Við höfum byggt upp fyrirtækjaráðgjöf til að nýta efnahagslegan styrk okkar, en erum hins vegar ekki farin að nota afleiður og annað slíkt inn á þessa markaði. Ef við horfum á markaðsviðskipti hér og í heiminum, þá er stærstur hluti þeirra í einhvers konar fjármögnun og afleiðum. Við í Glitni og reyndar almennt hér á landi erum nokkuð þróuð í slíkum fjármála-gjörningum. Við erum með banka í Nor-

egi sem hefur sterka stöðu og við getum nýtt betur á þessu sviði. Við höfum náð góðum árangri þar sem við höfum skilgreint okkur vel á mörkuðunum og einbeitt okkur að ákveðnum verkefnum. Þar höfum við náð góðri markaðshlutdeild og ætlum okkur það sama á fleiri sviðum.“

## ÖÐRUVÍSI FÓLK

Landafræðin er bara einn hluti útrásarinnar. Hinn er að bankinn hefur einbeitt sér að sérhæfðum syllum. „Við komum alltaf að sömu spurningunni varðandi stefnuna. Hvað erum við að reyna að gera? Það sem við þurfum að gera til að auka virði bankans er að vera með trúverðugt og traust eignasafn og vinna á þeim svæðum og í þeim geirum þar sem við höfum eitt-hvað fram að færa og getum myndað verðmæti. Það er nóg af peningum í heiminum, það vantar ekki þótt menn séu aðeins að hrökkva á hliðarlínuna þessa dagana, það er ekki vandamálið. Við getum ekki keppt í að lána peninga ódýrast. Við getum keppt í því að koma með önnur verðmæti til viðskiptavinanna.“ Lárus segir að verðmætin sem íslensku bankarnir hafi komið með að borðinu liggja meðal annars í flötum stjórnendastrúktúr sem þýði að menn vinni hratt og vel. „Það er það sem við gerum og höfum fengið góð viðbrögð á það í Noregi. Vandinn fyrir okkur og íslensku bankanna er að halda þessu eftir því sem þeir vaxa og verða flóknari. Það sem Glitnir hefur gert til viðbótar er að búa til sérhæfða þekkingu innan bankans með sérhæfingu í greinum sem við þekkjum vel og erum vel settir í svo sem í sjávarútvegi og nú síðast jarðvarmanum og með samstarfinu við Geysi Green Energy.“

Lárus segir að þetta sé kannski ekki risastór svið á alþjóðlegan mælikvarða, en nægilega stór til að þótt bankinn fái ekki nema brot af viðskiptunum dugi það til vaxtar næstu árin. „Það skiptir máli að við getum horft í augun á viðskiptavinum og sagt að við vitum sitthvað um þessi svið. Við komum því með mikla þekkingu og það færir okkur þessa umframverðemi.“ Í þessu skyni hefur bankinn ráðið til sín fólk sem ekki hefur endilega reynslu af bankastarfsemi, en yfirburðsþekkingu á viðkomandi grein. „Við höfum því ráðið fólk sem bankar erlendis hefðu kannski ekki leitað að og nýtum það með fólki með bankaþekkingu til að greina markaðinn í nánú samstarfi við fyrirtækin í viðkomandi grein.“

## PERSÓNULEG SAMBÖND

Glitnir opnaði í síðustu viku starfsstöð í New York. Bandaríkin eru þróað bankaland og ekki auðvelt að finna syllur þar sem ekki er einhver þegar búinn að hreiðra um sig á. Útrás til Bandaríkjanna hefur gengið misvel, en Glitnir hefur komið sér ágætlega fyrir með þjónustu við sjávarútveg og nú er stefnan sett á jarðvarmann. Þar eru í senn miklir möguleikar og hratt vaxandi áhugi og gildi

þekkingarinnar ótvírætt. „Það gildir hér eins og raunar alltaf að maður verður að tala um það sem maður veit eitthvað um. Það hefur enginn tíma til að hlusta á einhvern tala sem ekki veit hvað hann er að tala um. Íslensku bankarnir hafa að mörgu leyti verið talsmenn íslensku fjárfestingarfélagana og þar hafa menn viljað fá að vita á hvaða leið þau eru. Það sem er skemmtilegt við innkomuna í Bandaríkin er að þar erum við að tala um hluti sem við vitum mikið um og finnum fyrir miklum áhuga á að hlusta á okkur.“ Lárus bætir við að bankinn hafi notið einstaks liðsinnis forseta Íslands við kynningu á sérsviðum bankans. „Úr þessu verða svo til viðskiptasambönd sem leiða vonandi til þess að kunnunum líkar hversu hratt og vel við vinnum. Við veljum kunnana út frá sérþekkingu okkar.“ Lárus segir að framhaldið sé svo það sem allir bankar heimsins reyna að gera að nýta viðskiptasamböndin til að selja kunnunum síðan aðra þjónustu bankans. „Slík viðbót fæst hins vegar ekki nema við séum sambærileg og samkeppnishæf á alþjóðavettvangi við aðra banka í annarri þjónustu.“

Lárus segir að augljóslega þurfi öll kerfi og vinnuferlar að vera í fullkomnu lagi í bankastarfsemi. „Á endanum snýst þetta hins vegar fyrst og síðast um fólk. Bankastarfsemi er mjög persónuleg þjónusta,“ segir hann og bætir því við að íslensku bankarnir þurfi að huga vel að framleiðni í starfsemi og halda öguðum rekstri í ljósi hratt vaxandi umsvifum.

Þessi sérhæfða þekkingarþjónusta er býsna langt frá þeirri mynd sem almennur hér á landi hefur af bankastarfsemi. Skuldugur Íslendingur sér bara yfirdrátt og háa vexti. „Eini staðurinn þar sem Glitnir sinnir einstaklingum með ahliða fjármálaþjónustu er á Íslandi. Þetta eru algjörlega aðskildir heimar. Ísland er markaður með góða þjónustu og ég held að það sé alveg sama hvernig hún verður skoðuð, ég er sannfærður um að hún er mjög samkeppnishæf. Vandamálið á Íslandi er náttúrlega grunnvextirnir. Álagning og þjónusta á þeim markaði er ótrúlega góð fyrir viðskiptavinina miðað við stærð markaðarins.“ Alls staðar annars staðar, fyrir utan smá viðskiptabankastarfsemi í Noregi, er Glitnir fyrst og fremst fyrirtækja- og fjárfestingarbanki.“

Endurnýjanleg orka er gríðarstórt svið og Glitnir setur brennipunktinn á jarðvarma. Þar höfum við samkeppnisforskot með einstakri þekkingu á nýtingu jarðvarma í orkuöflun. Samkeppnisforskiotið er fyrir hendi, en spurningin er hversu langan tíma við höfum í friði fyrir öðrum. „Við erum leiðandi og við höfum verið að skoða verkefni með stórum bönkum. Við erum komin til að vera í þessari grein og ég held að við munum halda stöðu okkar, en við munum vinna með ýmsum að slíkum verkefnum. Ég held að þarna hafi bankinn verið á réttum stað á réttum tíma.“

**Við höfum því ráðið fólk sem bankar erlendis hefðu kannski ekki leitað að og nýtum það með fólki með bankaþekkingu til að greina markaðinn vinna í nánú samstarfi við fyrirtækin í viðkomandi grein.**







**LÁRUS WELDING** Nýr forstjóri Glitnis ætlar bankanum að verða alvöru alþjóðlegt fyrirtæki. Hann segir að þegar horft sé til framtíðar geti Íslendingar ekki leyft sér að halda úti séríslensku umhverfi, ætli menn sér á annað borð að skapa verðmæt störf fyrir komandi kynslóðir.

MARKAÐURINN/EYÞÓR

#### STÖÐUGLEIKI NAUÐSYN

Lárus tók við af Bjarna Ármannssyni, sem var samofinn ímynd bankans og hafði sterka nærveru innan bankans. Lárus þekkti bankann vel frá fyrri tíð og segir að sér hafi verið afar vel tekið. Hann var hjá FBA sem sameinaðist bankanum, en hélt síðan til þess verkefnis að byggja upp starfsemi Landsbankans í London. „Það er margt til í því að það henti okkur Íslendingum vel að byggja upp, Við erum dálítið góð í því. Það sem er spennandi hér er að við þurfum að samþætta, reka og skapa meiri framlegð af því sem við erum að gera. Það finnst mér skemmtileg ögrun. Glitnir hefur tekið meðvitaða ákvörðun um að verða alþjóðlegur banki með því að byggja upp framkvæmdastjórn með fólki frá ýmsum löndum. Það er auðvitað flóknara að vinna með fólki með ólíkan bakgrunn og reynsluheim, en það er klárlega mikill styrkleiki í því verkefni sem er fram undan.“

Á örfáum árum hafa Íslendingar eignast handfylli fyrirtækja sem eru vel sýnileg í alþjóðlegu samhengi. Næstu skref á þeirri braut eru að verða ljós með yfirlýsingum um uppgjör í evrum og skráningu hlutabréfa í sömu mynt. „Það hefur ekki verið tekin nein afstaða til þessa í stjórn bankans. Það hefur hins vegar komið fram í þessari umræðu að vandamálið á Íslandi er ekki aðallega myntin, heldur vextirnir og það vandamál sem við erum komin í þar með vaxtamun og styrk krónunnar. Hvort kemur á undan eggjð eða hænán í þeirri umræðu má sjálfsagt deila um. Áður en við tökum stærri skref í því tel ég að við þurfum að ná vöxtunum niður til að við höfum raunverulegt val um aðrar myntir. Þegar við horfum lengra og til landa eins

og Írlands er erfitt að sjá að við náum til framtíðar alvöru atvinnuuppbyggingu svo sem í þekkingariðnaði án þess að vera með stærri mynt. Ef maður horfir langt fram sér maður ekki annað nema það gerist að krónan verði mun stöðugri en hún hefur verið og sé í raun talin sem evra.“ Hann bætir við að sveiflurnar feli í sér soun sem einhver verði að borga.

#### SÉRÍSLENSKT BURT

Lárus segir margt hafa færst í rétta átt í endurbótum í Kauphöll og á fleiri sviðum. „Til að fyrirtækin hafi möguleika á að þróa sig áfram og verða alþjóðleg þurfum við að taka það út sem er séríslenskt í umhverfinu. Heimurinn breytist hratt og ef við ætlum að vera með í alþjóðaviðskiptum verðum að taka burt séríslensku fyrirbæri; verðtryggingu, séríslensk lög, Íbúðalánasjóð og fleira. Lykilmarkmiðið er að ná stöðugleika og síðan að fá inn erlent fjármagn til alvöru atvinnuuppbyggingar. Ekki bara vaxtamunafjórfa sem vilja komast í háu vextina okkar eða eingöngu í stóriðjuna. Ef við ætlum að halda í stór fyrirtæki þurfa þau líklega að skrá sig í erlendri mynt, sem er í fínu lagi svo lengi sem þau hafa höfuðstöðvarnar hér. Ef okkur tekst ekki að fá erlent fjármagn til að byggja fyrirtækin okkar upp verður erfitt að halda höfuðstöðvunum í landinu. Ef við getum ekki notað hlutabréfin til greiðslu í kaupum á fyrirtækjum getum við ekki haldið áfram að vaxa. Það er ákjósanlegt að efla þekkingariðnað á Íslandi. Bankar geta stækkað eins mikið og þeir fá fjármagn til og vaxtarmöguleikarnir takmarkast við það. Vandinn hefur ekki verið að finna þeim verkefni.“



MARKAÐURINN/EYÞÓR

Myntin hefur verið langstærsta hindrunin. „Ég hef reynt að selja íslensk hlutabréf erlendis. Flækjustigið með krónuna fælir fjárfestana frá jafnvel þótt þeim lítist vel á fjárfestingarkostinn. Þetta eru vandamál sem við verðum að leysa ef við ætlum að bjóða börnunum okkar upp á vellaunuð störf í greinum sem krefjast þekkingar. Hitt sem skiptir framtíð okkar mestu er menntamálin og að byggja upp þekkingarkjarna utan um svið eins og fjármálageirann, orkumálin og fleira þar sem við höfum skapað okkur sérstöðu.“

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

Fram undan er tími rekstrar.

## Stórar eignabreytingar að baki

Hafliði Helgason

Sala kjölfestuhlutar í Tryggingamiðstöðinni markar á vissan hátt endalok hræringa sem einkennt hafa viðskiptalífið frá einkavæðingu bankanna.

Viðleitninnar gætti fyrr, en einkavæðingin setti kraft í uppstokkun eignarhalds í íslensku viðskiptalífi. Eins og gengur þegar slíkir atburðir verða, þá þyrlast upp mikið moldviðri. Nýir peningar takast á við þá gömlu sem eiga rætur í grónu pólitísku valdi.

Þegar horft er yfir sviðið má segja að þessi umskipti hafi farið ótrúlega vel fram. Með nýjum aðilum kom kraftur inn í viðskiptalífið sem leyst hefur úr læðingi mikil verðmæti, bæði í betri nýtingu fjárfestinga innanlands og í nýtingu útrásartækifæra.

Niðurstaðan að þessum árum liðnum er að öflugustu fyrirtækin og einstaklingarnir um aldamót kæmst vart á blað í dag ef þeir hefðu ekki fylgt með í uppganginum. Aldrei hafa verið jafn margir ríkir á Íslandi og með getu til að taka virkan þátt í viðskiptalífinu ef tækifæri gefast.

Við slíka uppstokkun reynir á hæfni fólks til að ná hlutum á hreyfingu og loka viðskiptum, sameina fyrirtæki og leysa upp eignir. Þessi tími er að stærstum hluta að baki hérlendis. Gera má ráð fyrir að slík tækifæri verði eitthvað nýtt á komandi árum á Norðurlöndum og víðar. Hér heima munu áherslurnar færast frá stórum eignatílfærslum að sjálfum rekstri fyrirtækjanna og samkeppnishæfni þeirra.

Fram undan eru ógrandi og spennandi tímar í viðskiptum heimsins. Þar liggja mýmörg tækifæri fyrir land eins og okkur. Slíkt veltur á, eins og raunar nýr forstjóri Glitnis bendir á, menntun og því að við berum gæfu til að horfast í augu við að íslenskar sérreglur loka á tækifæri okkar til að sækja fram, fremur en verja okkur fyrir ásókn annars staðar frá.

Otti manna við EES-samninginn var innrásarótti. Niðurstaðan var útrás. Sama mun gilda um frekari þátttöku í alþjóðlegu samstarfi og veru í myntbandalagi. Það mun líkast til skapa okkur margfalt fleiri tækifæri en ógnanir.

eggert@markadurinn.is | hafliði@markadurinn.is | holmfríður@markadurinn.is | jonab@markadurinn.is | jsk@markadurinn.is | olikr@markadurinn.is

UMSÖGN UM NÁMSKEIÐIÐ

### STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

„Ég valdi Stjórnendur framtíðarinnar því þar sá ég tækifæri til að kynnast nýjum hugmyndum í stjórnun, rifja upp það sem ég hafði áður lært og styrkja mig sem stjórnanda. Námsfyrirkomulagið og viðfangsefni hentuðu mér vel því auðvelt var að samræma þetta krefjandi stjórnunarstarfi. Námið stóðst mínar væntingar, var faglegt og skemmtilegt. Rúsinan í pylsundanum var síðan að kynnast frábærum samnemendum, stjórnendum frá fjölbreytilegum vinnustöðum, sem miðluðu af reynslu sinni og stækkuðu tengslanet mitt.“

Sigríður Jónsdóttir  
Útibússtjóri, Glitnir

Skráning er hafin á [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

capacent  
RÁDGGJÖF



Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

# Af veðri og verði

ORD Í BELG

Gylfi Magnússon  
dósent við  
viðskipta- og  
hagfræðideild  
Háskóla Íslands.



Þótt Íslendingar mælist af og til sem ein hamingjusamasta þjóð í heimi þá fer því fjarri að við höfum ekki yfir neinu að kvarta. Líklega eru algengustu umkvörtunarefnið veðrið og verðið. Við höfum líka ríka ástæðu til. Ísland liggur á mörkum hins byggilega heims og veðrið er eftir því. Það er lítið við því að gera. Það ætti hins vegar að vera hægt að gera eitthvað í verðinu. Skoðum það nánar.

Íslendingar búa við eitt hæsta verðlag í heimi. Við teljumst jafnvel af og til eiga heimsmet á því sviði. Mælikvarðar á verðlag eru ekki einhlítir og niðurstöðurnar sveiflast með breytingum á gengi. Hvernig sem málið er skoðað lendir íslenskt verðlag þó á eða við toppinn í alþjóðlegum samanburði. Fyrir um ári taldist verðlag hérlendis t.d. það hæsta innan OECD. Það var þá um 60% hærra en í Bandaríkjunum og talsvert hærra en á hinum Norðurlöndunum, sem þó teljast alla jafna einhver dýrustu lönd í heimi.

Séu einstakir flokkar vöru eða þjónustu skoðaðir sést hvergi til sólar. Það er nánast allt dýrara hér en í nágrannalöndunum. Föt, skór, húsgögn, heimilisbúnaður, raftæki og svo mætti lengi telja. Lítil hluti skýringarinnar liggur í álögum hins opinbera. Þó skiptir

máli að herra þrepið í virðisaukaskattinum er óvenju hátt hérlendis.

Álögur ríkisins skýra líka að verð á áfengi er meira en tvöfalt hærra hérlendis en að jafnaði í Evrópu. Þá skýra innflutningshöft á landbúnaðarvörum að talsverðu leyti hátt verð þeirra hérlendis.

Eftir standa hins vegar nær allir aðrir flokkar vöru og þjónustu. Algengt er að þeir séu um helmingi dýrari hérlendis en annars staðar í Evrópu að jafnaði. Þann mun er ekki nema að litlu leyti hægt að rekja til opinberra gjalda hérlendis. Munurinn er einnig meiri en svo að hægt sé að skrifa hann að einhverju verulegu leyti á flutningskostnað til Íslands.

Munurinn á verði innfluttra vara hérlendis og í nágrannalöndunum virðist að verulegu leyti liggja í óhagkvæmri verslun hérlendis, bæði á smásölu- og heildsölustigi. Smáar einingar

með litla veltu í lítili samkeppni hérlendis skila neytendum háu verði og raunar einnig oftast minna vöruúrvali en í fjölmennari löndum.

Það er þannig vissulega umhugsunarvert að í nokkrum greinum verslunar með innfluttar vörur er algengt að innlend álagning sé hátt í 100% og fari stundum vel yfir það. Meðan neytendur eru reiðubúnir að kaupa á þessu verði og engir keppinautar sjá sér hag í að bjóða betur gengur þessi verslun ágætlega.

Hagnaðurinn þarf þó ekki að verða neitt umtalsverður, enda veltan oft lítil á okkar litla markaði og nýting verslana léleg. Meðalálagning í verslun er einnig vitaskuld talsvert lægri en að framan greinir.

Íslenskir neytendur þekkja vel muninn á verðlagi hér og erlendis. Það skýrir hve duglegir þeir eru við innkaup á ferðum sínum erlendis. Það skýrir líka hve ótæpilega Íslendingar drekka áfengi erlendis. Hátt verð hérlendis flytur verslunina þannig að hluta úr landi. Önnur flóttaleið framhjá óhagkvæmum íslenskum verslunum er að kaupa frá útlöndum um netið. Íslendingar notfæra sér það í sívaxandi mæli til að kaupa allt frá bókum til bíla, sérstaklega frá Bandaríkjunum. Það getur oft verið hagkvæmt þótt flutningskostnaður verði í hærra lagi og greiða þurfi íslenskan virðisaukaskatt og stundum einnig önnur opinber gjöld.

Það eru engar líkur á því að hægt sé að ná sama árangri í verslun hérlendis og þar sem best hefur tekist til, í Bandaríkjunum, þar sem samkeppnin er gríðarhörð og hagkvæmni stærðarinnar getur notið sín miklu betur en í okkar fámenna landi. Það ætti hins vegar að vera raunhæft markmið að ná verðlagi hérlendis niður á svipað stig eða litlu hærra en í nágrannalöndum okkar í Norðvestur-Evrópu.

Líklega þarf enn hærri hlutdeild í verslun Íslendinga að færast úr landi til að það gangi eftir. Því eru þó takmörk sett hve langt er hægt að ganga í þá átt. Fleira þarf til. Djarfa verslunarrekendur sem ryðjast inn á staðnaða markaði og bjóða betri kjör en áður. Fyrst og fremst þarf þó vel upplýsta viðskiptavini sem láta ekki bjóða sér hvað sem er og verðlauna þá sem best bjóða með því að beina viðskiptum sínum til þeirra.

UM VÍÐA VERÖLD

### Bankar í krísu

**Economist** | Mjög hefur dregið úr millibankalán-um evrópskra fjármálafyrirtækja, að sögn breska vikuritsins Economist í vikunni. Blaðið segir ástæðuna mikla óvissu á fjármála-markaði. Tvennt kemur

til: Í fyrsta lagi liggur ekki fyrir hversu víðtæk áhrifin eru af samdrætti á bandarískum fasteignalánamarkaði og því bíða bankarnir þess að öldur lægi. Í öðru lagi þurfa bankar á sem mestu fjármagni að halda til að tryggja sig fyrir hvers kyns fyrirséðum og ófyrirséðum gjöldum, svo sem þegar skuldabréf þeirra koma á gjaldþaga á næstunni. Economist segir mikið álag á fjármálafyrirtæki og banka þessa dagana. Bæði hafi skulda-tryggingar- og vaxtaálag hækkað mjög mikið síðan niðursveiflu varð fyrst vart á fjármálamarkaði skömmu eftir miðjan júlí síðastliðinn. Þessar auknar álögur á bankana hafa skapað alvarlegt vandamál. Í versta falli geta aðstæður á fjármálamarkaði leitt til þess að auknar álögur á vaxtakjör banka skili sér í hærri vaxtaálagi á viðskiptavini fyrirtækjanna, að sögn vikuritsins.

### Af dýrum vörum

**Fortune** | Bandaríska vikuritið Fortune fjallar í vikunni um uppganginn í munaðargeiranum, rándýrum vörum sem ekki er á allra færi að koma höndum yfir. Sala á vörum í



þessum rándýrasta kanti hefur blómstrað sem aldrei fyrr og veltan tvöfaldast síðastliðinn áratug. Hún nam heilum 220 milljörðum Bandaríkjadala á síðasta ári en það jafngildir hvorki meira né minna en fjórtán þúsund milljörðum íslenskra króna. Galdurinn er einfaldur: Hönnuðir stóru tískuhúsanna, svo sem hjá Gucci og fleiri, hafa í æríkari mæli tekið að hanna fyrir tískuhús og verslanir sem selja talsvert ódýrari vörur og ófugt. Dæmi um slíka er norræna verslanakeðjan H&M, sem Íslendingar ættu að þekkja ágætlega. En svo er hitt, að „venjulegir“ einstaklingar hafa í auknum mæli látið það eftir sér að kaupa vandaða en afar dýra vöru, sem þá hefur lengi langað til að eignast. Slíkt bætir að sjálfsgöðu sjálfstraustið, að sögn Fortune, sem tekur sem dæmi að ein ferðataska geti kostað allt upp undir 5.000 dali, jafnvirði tæpra 330 þúsund íslenskra króna.

ÚTGAUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRN: Hafliði Helgason RITSTJÓRN: Eggert Þór Aðalsteinsson, Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, Jón Skafason, Óli Kristján Árnannsson AUGLÝSINGASTJÓRI: Anna Elinborg Gunnarsdóttir RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafahlíð 24, 105 Reykjavík ADALSIÐMI: 512 5000 SÍMBRÉF: 550 5006 NETFONG: ritstjorn@markadurinn.is og auglysingar@markadurinn.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. dreifing@posthusid.is Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds.

## SAMNINGATÆKNI

Mikilvægustu samninga-  
viðræðurnar

Fyrstu launaviðræðurnar á nýjum vinnustaðerulíklegamikilvægustu samningaviðræður sem þú munt nokkurn tíma taka þátt í. Segjum að tveir 22 ára einstaklingar hefji störf á sama stað – annar samþykkir tilboð upp á 2,5 milljónir í árslaun og hinn semur um 3 milljónir í árslaun. Ef báðir fá 3% hækkun á ári þá verður munurinn á árslaunum þeirra meira en ein og hálf milljón um sextugt. Ef sá launahærri leggur mismuninn fyrir á hann tugi milljóna í sjóðum. Fyrir utan launamuninn er mun líklegri að sá sem er launahærri fái stöðuhækkun og aukna ábyrgð.

## PÚ ÞARFT AÐ SEMJA

Fyrsta skrefið í átt að betri árangri í samningaviðræðum er að fara í samningaviðræður. Þeir sem ekki samþykkja fyrsta tilboð og semja um launin sín fá að öllu jöfnu hærri laun.

## VITTU HVAD PÚ VILT

Launaviðræður fjalla ekki aðeins um laun, þær fjalla um framtíð þína. Ef þú sækist eftir aukinni ábyrgð, þá setur þú þér það markmið að fá mikilvæg og áber-

## SPAKAUPMAÐURINN

## Í svigi

Ég er svo kátur þessa dagana að ég næ mér varla niður á jörðina. Fyrir menn eins og mig eru svona sveiflutímabil eins og svigbrekka fyrir góðan skíðamann.

Því erfiðari, því meiri ögrun, og auðvitað veit maður að það komast ekki allir á leiðarenda án þess að fella hlið eða detta ef því er að skipta.

Í gegnum tíðina hefur maður séð marga detta og suma illa. Sjálfur stóð ég helvíti tæpt 2002, en snarræði reddaði mér frá stóru tjóni. Síðan þá hefur leiðin bara legið upp á við.

Þessar vikurnar hefur maður stökkið inn og út hratt og örugglega. Sett sér skýr markmið og ekki látið berast með straumnum. Á svona tímabilum verður maður að hafa skýr tapsölumörk, annars getur maður farið illa. Þetta er hins vegar svakalegt stuð ef maður hefur maga í þetta. Um allan heim eru líka flottar hengjur þessa dagana og frábært að vera með cash þegar toppfyrirtæki dúnrast niður. Heimurinn er auðvitað alltaf fullur af tækifærum og jójómarkaður eins og nú er og reyndar dálítið með krónuna yfirleitt er fín uppspretta gróða fyrir menn eins og mig.

Hér heima er náttúrulega helst að menn horfi í átt að TM. Ég spái að vinir og vandamenn FL verði í hópnun sem kaupir af Glitni. Svo spái ég yfirtöku innan árs. Hef grun um að það þurfi aðeins að vinna í reiting-málum áður en félagið er tekið af markaði. Forstjórinn er sennilega búinn að finna skjalið með síðasta starfslokasamningi til að kópera. Ég hugsa að það sé fínt fyrir FL að eiga óskráð tryggingafélag í miðju starfseminnar. Sama módel og Exista og Milestone.

Annars ætti maður kannski að fara að fá sér banka og tryggingafélag sjálfur. Það er nefnilega eins og að eiga hótél í Austurstræti og Bankastræti í Matador. Þá er engin hætt á að maður fari beina leið í steininn og fái engar 2.000 krónur þótt maður fari yfir byrjunarreitinn.

Spákaupmaðurinn á horninu

andi verkefni fremur en hærri laun. Ef þú vilt hafa meiri tíma til að auka persónulega færni eða til að sinna fjölskyldu eða áhugamálum þá er það samningsmarkið að hafa svigrúm til þess.

## FJÖLGADU SAMNINGSATRÍÐUNUM

Í framhaldi af ítarlegri skoðun á því hverju þú sækist eftir hjá fyrirtækinu og í lífinu næstu árin getur þú búið til lista yfir hugsanleg samningsatriði. Laun, frítími, ábyrgðarsvið, sparnaður, kaupaukar, líkamsrækt, styrkir fyrir námskeið ... Reyndu að hafa mörg samningsatriði, því e.t.v. dettur þú niður á hluti sem þú verðmetur hærri en atvinnu-

rekandinn – þannig að hann fái tækifæri til að mæta þörfum þínum með minni tilkostnaði.

## KYNNTU ÞÉR MARKAÐINN

Kynntu þér launakannanir og skoðuðu launaþróun, launaskrið, verðbólgu, vísitölur og aðrar upplýsingar sem hjálpa þér til að meta hvaða kröfur eru raunhæfar og hvaða hlutlægu viðmið þú getur notað til að rökstyðja tilboð þitt. Ef þú hefur hlutlægt viðmið til rökstuðnings fyrir tilboði þínu styrkir þú stöðu þína við samningaborðið.

## BJARTSÝNI OG ÁHUGI BORGAR SIG

Langfæstir eru drifnir af launum – verkefnin sem þú hefur þurfa

að vera áhugaverð. Þú þarft að vilja og gleðjast yfir að starfa á vinnustaðnum. Samstarfsfélagar eru félagar! Ekki gera lítið úr starfinu, vinnustaðnum eða samstarfsfólki. Ef þú ert í röngu starfi þá leiðréttir þú það ekki í launaviðtalinu. Auk þess sýna atvuganir að þeir sem sýna starfinu brennandi áhuga og eru jákvæðir fá betri niðurstöðu í samningaviðræðum um kjör.

## EKKI PRÚTTA!

Það er munur á að semja og að prúttu. Á prúttmarkaði má senda tilboð fram og til baka og þratta um verðið. Launaviðræður eru mun viðkvæmari, þar sem þær fjalla um persónulegt samband

og langtímasamskipti. Þú getur því ekki sent endalaus móttíloð og þrattað um þúsundkalla í launaviðræðum.

## VERTU FRAMÚRSKARANDI

Þú styrkir stöðu þína í kjaraviðræðum með því að skila framúrskarandi framlagi. Þess vegna skaltu skara fram úr! Síðan er lykilatriði að gleðjast yfir árangrinum og sýna ánægjuna í verki.

Aðalsteinn Leifsson,  
lektor og forstöðumaður MBA-náms í Háskólanum í Reykjavík, þar sem hann kennir meðal annars samningatækni.



# CHADWICK ÞEIR SEM ERU VIRKILEGA HEPPNIR FÁ AÐ VINNA ALLA HELGINA



Chadwick stóllinn er hannaður af Don Chadwick fyrir Knoll. Hann sameinar á einstakan hátt falleg form og hámarksþægindi. Chadwick er með niðsterku neti sem lagar sig að líkamanum og má með sanni segja að stóllinn setji ný viðmið í hönnun skrifstofuhúsgagna. Chadwick kostar aðeins **64.600 kr.** án arma og **74.800 kr.** með örmum.

**Knoll** Knoll er amerískt fyrirtæki og framleiðir hágæða húsgögn í samvinnu við fremstu hönnuði heims.

www.knoll.com



Epal ehf. · Skeifan 6 · Sími 568 7733 · epal@epal.is · www.epal.is



# Þetta er ekki tímabil sem ég er stoltur af

Nick Leeson komst á spjöld sögunnar árið 1995 þegar hann gerði einn elsta og virðulegasta banka Bretlands gjaldþrota með áhættusömum gjaldeyrisviðskiptum. Jón Aðalsteinn Bergsveinsson spjallaði við þennan alræmdasta verðbréfamiðlara í heimi um spákaupmennsku á gjaldeyrismarkaði og lífið eftir gjaldþrot bankans. Leeson kemur hingað til lands eftir viku og ræðir um reynslu sína.

**B**retinn Nick Leeson flaggar efalítið þeim vafasama titli að vera alræmdasti verðbréfamiðlari í heimi. Hann er umsetinn og eftirsóttur, ekki ósvipað því þegar lögregla og stjórnendur Barings-banka reyndu að hafa hendur í hári hans eftir að hann gerði þennan einn elsta og virðulegasta banka Bretlands, sem stundum var nefndur viðskiptabanki Englandsdrottningar, gjaldþrota í kjölfar vafa- og áhættusamra gjaldeyrisviðskipta í Singapúr fyrir tólf árum.

Nick Leeson komst hratt til metorða í fjármálaheiminum. Hann setti fótinn inn fyrir dyrnar í breskum fjármálaheimi í ýmsum láglaukastörfum árið 1982, þá einungis 15 ára gamall, en komst um þremur árum síðar í alvöru starf hjá breska bankanum Coutts&Co, þá undir tvítugu og nýhættur í skóla. Mikill uppgangur var í fjármálagjöfni á níunda og tíunda áratug síðustu aldar og mikil eftirspurn eftir nösnum verðbréfamiðlurum. Augu bankamanna beindust meðal annars að Leeson og var hann keyptur yfir til Barings-banka í Lundúnum á milli árunna 1989 og 1990. Þetta var með flottari störfum sem gerðust í bankaheiminum. „Þetta er... fyrirgefðu, var virðulegur banki með 233 ára sögu,“ segir Nick Leeson og bendir á að bankinn hafi meðal annars unnið sér til frægðar að koma að fjármögnun Napóleonsstríðanna á árunum 1799 til 1815.

Eftir stutta viðdvöl í Lundúnum fluttist Leeson svo til Asíu og aðstoðaði þar við uppbyggingu bankans í Indónesíu og Hong Kong. Með viðkomu í Lundúnum á ný endaði hann svo í Singapúr snemma árs 1992 en þar stýrði hann uppbyggingu framvirkra verðbréfasamninga á vegum bankans í Asíu. „Þetta var ný þjónusta, ný tekjulind fyrir fjármálafyrirtæki á þessum tíma,“ segir Leeson sem bendir á að Barings-banki hafi hagnast vel á því í upphafi að vera með þeim fyrstu til að fara inn á Asíumarkað með framvirka samninga.

Þótt Barings-banki hafi flaggað gamalli og virðulegri sögu vandar Leeson stjórnendum hans ekki söguna, sérstaklega ekki þegar kom að uppbyggingunni í Asíu. „Það var mikið lagt upp úr því að greiða há laun og gera ímyndina út á viðtrausta. Hæfustu einstaklingarnir fóru auðvitað þangað sem launin voru hæst.



**VERÐBRÉFAMIÐLARINN HANDTEKINN** Nick Leeson var handtekinn í Þýskalandi þegar hann flúði þangað ásamt þáverandi eiginkonu sinni og var framseldur til Singapúr fyrir aðild sína að gjaldþroti Barings-banka. MARKAÐURINN/AFP



**NICK LEESON** Verðbréfamiðlarinn fyrrverandi hefur helstu tekjulind sína í dag af fyrirlestur um sögu sína hjá Barings-banka, sem varð gjaldþrota af hans sökum árið 1995.

Hins vegar var litlum fjármunum varið í stjórnun og öryggisþætti, svo sem í endurskoðun og bakvinnslu,“ segir hann og bendir á að þetta eigi við um marga aðra banka, jafnt þá sem nú. „Þetta átti sérstaklega við í uppbyggingu bankans í öðrum löndum í Asíu.“

Leeson fékk nokkuð frjálstar hendur í framvirkum samningum, ekki síst í spákaupmennsku í gjaldeyrisviðskiptum með japanska jenið. Fyrsta árið hjá Barings-banka tryggðu gjaldeyrisviðskipti Leasons bankanum gríðarlegar tekjur, rúmar 10 milljónir breskra punda, sem jafngiltu um tíunda hluta af árstekjum bankans. Leeson segir stjórnendur bankans hafa átt hlut að máli að taumur hans var laus. „Þeir keyrðu auðvitað á hagnaði, en það á nú við um flesta banka,“ segir hann.

Leeson varði háum fjárhæðum í framvirka samninga á vegum bankans frá upphafi. Stjórnendurnir létu málið óhreyft þrátt fyrir að hann færi langt út fyrir heimildir sínar, að því er virtist vegna þeirrar góðu ávöxtunar sem fjármálagjörningar hans skiluðu. „Í mesta lagi gefa bankar heimild fyrir 20 prósentum af eigin fé í gjörninga sem þessa. Ég hafði hins vegar tvöfalt eigið fé í heimildir til gjaldeyrisviðskiptanna,“ segir hann og bætir við að það hafi ekki verið í neinum

takti við almenna skynsemi, ekki hvað síst í fjármálaheiminum, þar sem varfærni er þörf og nauðsyn.

## RIS OG FALL Í FJÁRMÁLAHEIMI

Árið 1994 var upphafið að endalokunum. Gengi japanska jensins hrundi í jarðskjálftanum í Kobe það árið og tapaði Leeson eftir því, heilum 208 milljónum punda, sem hann faldi fyrir augum stjórnenda og endurskoðenda á eigin reikningum bankans. Það jókst svo eftir því sem á leið og fór Leeson fram á auknar fjárheimildir til að ná upp í tapið. Það vakti athygli stjórnenda bankans. Þeir könnuðu málið í febrúar árið 1995 og uppgötvuðu að Leeson hafði gengið allt of langt. Tapið nam í raun 800 milljónum punda, sem var meira en sem nam eignasafni bankans. Bankinn var stuttu síðar úrskurðaður gjaldþrota sökum gríðarlegs skuldabagga og varð úr að hollenska fjármála- og tryggingafyrirtækið ING keypti hann fyrir eitt breskt pund, jafnvirði rúmra 133 íslenskra króna að núvirði.

Leeson, sem hafði lifað í vellystingum í Singapúr, strauk úr landi ásamt þáverandi eiginkonu sinni til nokkurra Asíulanda. Ferð þeirra endaði í Þýskalandi en þar var hann handtekinn og framseldur aftur til Singapúr. Þar var hann dæmdur til sex og

hálfis árs fangelsisvistar fyrir brot sín sem leiddu til gjaldþrots bankans. Fangelsisvistin var Leeson erfið. Eiginkona hans skildi við hann auk þess sem hann greindist með ristilkrabbamein og gekkst undir meðferð við því innan veggja fangelsins.

„Ég er stundum spurður: Hefði verið hægt að koma í veg fyrir viðskipti mín?“ segir Leeson og svarar spurningunni sjálfur játandi. „Hundruð manna hefðu getað það. En öryggiskerfið var ekki betra en þetta. Það brást algerlega. Ef einungis einn þáttur hefði virkað hefði ekki farið svona fyrir Barings-banka,“ segir Leeson en leggur jafnframt áherslu á að þetta hreinsi hann ekki af sökinni. „Þetta var allt mér að kenna. Þegar ég er spurður um tímabilið, þá verð ég að játa að þetta er vandræðalegasta tímabil lífs míns. Ég komst í álnir, hátt í metorðastigann. En svo endaði þetta allt á versta veg, algjör katastrofa. Þetta er langt í frá tímabil sem ég er stoltur af,“ segir hann.

Leeson losnaði úr fangelsi árið 1999 eftir þrjú og hálf ár handan rimlanna, fársjúkur þegar út var komið. Innan fangelsismúranna skrifaði hann sína fyrstu bók, Gjörninga (e. Rogue Trader), sem fjallaði um árin hjá Barings-banka og spákaupmennskuna sem leiddi til gjaldþrots bankans. Bókin varð metsölubók sem gagnrýnandi bandaríska dagblaðsins New York Times sagði nauðsynlega fyrir stjórnendur sem endurskoðendur enda væri hún einkar greinargóð lýsing á ástandinu innandyra í Barings-banka þegar Leeson fékk þar lausan tauminn. Kvikmynd var gerð eftir bókinni og var hún frumsýnd mánuði áður en Leeson gekk út í frelsið. Ewan McGregor leikur Leeson í myndinni. En hann gefur henni ekki góða einkunn. „Ég hef séð myndina einu sinni en á ekkert eintak af henni. Mig langar ekki til þess,“ segir Leeson.

## VÍTI TIL VARNADAR

Nokkuð er um liðið frá því Nick Leeson fékk frelsið. Hann fagnaði fertugsafmæli fyrir á árinu, er giftur á ný og þriggja barna faðir auk þess sem hann flaggar nýlegri gráðu í sálfræði sem gerði honum kleift að skrifa sína aðra bók, kennslurit um það hvernig eigi að takast á við streitu. Þá er hann framkvæmdastjóri fótboltaliðsins í heimabæ sínum, írsku knattspyrnufélagsins Galway United, sem situr í níunda sæti í írsku úrvalsdeildinni. Leeson segir rekturinn gefa lítið í aðra hönd; það geri einungis félög í ensku úrvalsdeildinni.

Helsta tekjulind hans er hins vegar fyrirlestrar sem hann heldur víða um heim um starf sitt hjá Barings-banka, saga sem er honum hugleikin þrátt fyrir að vera erfið. En tónninn er skýr: „Fjármálaafurðir og áhættustýring eru orðnar gríðarlega flóknar og fáir skilja þær til fulls. En þær eru líka góðar tekjulindir fyrir bankana. Það verður því að fylgjast vel með gangi mála, ekki síst nú þegar óróleiki ríkir á fjármálamörkuðum. Það eru skilaboð mín,“ segir Nick Leeson.

Alþjóðleg lögfræðiráðstefna

**Tengsl hugverkaréttar og samkeppnisréttar**

á vegum ráðstefnufyrirtækisins **Nomos**,  
**Útflutningsráðs Íslands** og  
**Háskólans í Reykjavík** o.fl.

Reykjavík 14. september 2007

Radisson SAS Hótel Sögu

kl. 9.00-17.00



Skráning í síma 511 4000  
utflutningsrad@utflutningsrad.is  
www.nomos.is

Móttaka í Höfða í boði Reykjavíkurborgar að lokinni ráðstefnu

# 3 lína

## BMW xDrive



### BMW xDrive - skynvædda aldrifskerfið frá BMW.

BMW xDrive breytir slæmri færð í góða, þökk sé framúrskrandi veggripi og rásfestu. Á BMW 3 línunni nýtur þú ósvikinnar akstursánægju til fulls. Þegar skilyrði til aksturs eru góð, tryggir afturdrifið sportlegri takta og skemmtilegri svörun, en þú átt að venjast. Um leið og skilyrðin versna og færð þyngist, sér breytileg afmiðlun xDrive aldrifskerfisins til þess, **að vélaraflið leitar á nokkrum sekúndubrotum til þeirra hjóla sem mesta veggripið hafa hverju sinni.** Færðin skiptir því ekki máli; **BMW xDrive tryggir bestu mögulegu aksturseiginleika, rásfestu og veggrip.** BMW 3 línan með xDrive veitir þér örugglega ósvikna akstursánægju við öll skilyrði. Komdu í reynsluakstur og upplifðu af eigin raun BMW 3 línuna með xDrive.

BMW 3 línan  
325xi  
330xi  
335xi  
330xd

[www.bmw.is](http://www.bmw.is)



Sheer  
Driving Pleasure



Með bílinn handa þér

## FÓLK Á FERLI

**GUÐMUNDUR DAVIDSSON** hefur verið ráðinn forstjóri yfir starfsemi Eimskips á Íslandi. Norður-Atlantshafssvæði



félagsins verður skipt í tvennt og er Ísland orðið að sérstöku sviði innan samsteyppunnar. Guðmundur hefur áralanga reynslu af stjórnun fyrirtækja

ásamt því að hafa setið í stjórnun margra félaga. Hann starfaði nú síðast sem framkvæmdastjóri fjárfestingarfélagssins Greittis. Hann var þar áður forstöðumaður markaðsmála og vörubrúunar á fyrirtækjasviði Landsbankans á árunum 2003 til 2007. Hann var hjá SIF frá árinu 2000 til 2003, síðast sem framkvæmdastjóri vörubrúunar hjá SIF í Frakklandi. Guðmundur starfaði hjá Samskipum um 12 ára skeið í ýmsum stjórnunarstörfum hérlendis og erlendis. Guðmundur er kvæntur Kristjönu Ólafsdóttur og á hann þrjú syni.

**BRAGI ÞÓR MARINÓSSON** hefur verið ráðinn forstjóri Norður-Atlantshafssvæðis Eimskips. Hann mun fást við frekari uppbyggingu á svæðinu fyrir utan Ísland, einkum í Færeyjum og Noregi. Bragi Þór Marinósson hefur gegnt stöðu framkvæmdastjóra Norður-Atlantshafssvæðis frá árinu 2006. Þar áður var hann framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Eimskips 2004-2006 og framkvæmdastjóri dótturfélaga Eimskips í Hollandi og Belgíu 1999-2004 en hafði áður gegnt ýmsum störfum hjá félaginu. Bragi er kvæntur Erlu Sigrúnu Sveinsdóttur og eiga þau tvær dætur.

**BRENT SUGDEN**, forstjóri Versacold, hefur í kjölfar skipulagsbreytinga verið ráðinn forstjóri yfir kæli- og frystigeymslusviði Eimskips í Ameríku. Bæði Versacold og Atlas Cold Storage, sem reka yfir 120 kæli- og frystigeymslur, tilheyra þessu sviði. Brent Sugden hefur undanfarin sex ár verið forstjóri Versacold og áralanga reynslu af rekstri kæli- og frystigeymslna. Brent hefur náð miklum árangri í Versacold og hefur verið farsæll stjórnandi í ört vaxandi fyrirtæki í hörðu samkeppnisumhverfi.

**REYNIR GÍSLASON** sem gegnt hefur bæði stöðu forstjóra Eimskips í Ameríku frá júlí 2006 svo og forstjóra Atlas frá nóvember 2006 mun halda áfram sem forstjóri yfir annarri starfsemi Eimskips í Ameríku. Sú starfsemi tengist að mestu leyti skiparekstri félagsins í heimsálfingunni en nýlega hóf Eimskip strandsiglingar á austurströnd Bandaríkjanna.

# Stór markmið hjá Straumi

Með innri vexti og fyrirtækjakaupum ætla stjórnendur Straums að skapa leiðandi fjárfestingarbanka í Norður- og Mið-Evrópu fyrir árið 2010. William Fall, forstjóri Straums, kynnti leiðirnar að því marki á blaðamannafundi á mánudag.

Um þessar mundir eru þrjú mánuðir frá því William Fall tók við forstjórataumunum í Straumi. Þá sagðist hann ætla að taka sér níutíu daga til að skapa nýja framtíðarsýn fyrir bankann undir sinni stjórn. Undanfarið hafa framkvæmdastjórn og millistjórnendur bankans komið að þeirri vinnu. William kynnti blaðamönnum nýja stefnu bankans til ársins 2010 á mánudag.

Nú er stefnan ekki aðeins sett á að Straumur verði leiðandi fjárfestingarbanki á Norðurlöndunum, eins og stefnan hefur verið um hríð, heldur einnig í Mið- og Austur-Evrópu. Að þessu verður unnið bæði með því að styrkja núverandi starfsemi bankans og frekari fyrirtækjakaupum.

## HÁLEIT MARKMIÐ

Fjárhagsleg markmið, sem ætlað er að ná fyrir árið 2010, eru háleit. Stefnt er að því að heildartekjur fari yfir 1.250 milljónir evra, um 112 milljarða króna. Það er 160 prósent aukning tekna miðað við síðasta ár. Þá hefur markmið um hlutfall þóknunartekna verið hækkað úr fimmtíu í 75 prósent af heildartekjum. Stefnt er að því að heildareignir tvöfaldist á næstu þremur árum og verði fjórtán milljarðar evra, arðsemi eigin fjár verði að jafnaði yfir tuttugu prósentum og eignir í stýringu tíu milljarðar evra.

## FJÖLGUN ERLENDRA HLUTHAFA

Sérstaða Straums á að verða fólgin í því að bankinn hafi sterka stöðu á öllum skilgreindum markaðssvæðum. Náð samstarf verði á milli starfsstöðva bankans. Í máli Williams kom fram að mörkuðum Norður- og Mið-Evrópu væri iðulega stjórnad af áhættufælnum og nokkuð íhaldssömum bankastofnunum. Fjárfestingarbankar sem teygðu sig jafnt yfir allt svæðið og þjónustuðu alþjóðlega fjárfesta og lítil og meðalstór fyrirtæki væru í reynd ekki til. Þeirri þörf væri Straumur að svara.

## FÓLK Á FERLI

Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir hefur verið ráðin til Arev verðbréfa í nýtt starf sem fjárfestingarstjóri Arev N1. Fjárfestingar-sjóðurinn Arev N1 var stofnaður í apríl á þessu ári og sérhæfir sig í fjárfestingum á íslenskum neytendavörufyrirtækjum. Hrefna er viðskiptafræðingur frá Háskóla Íslands og hefur að undanförnu lagt stund á MS-nám í stjórnun og stefnumótun við Háskóla Íslands.



FRAMTÍÐIN SKÝR Níutíu dögum Williams Fall undir felldi er lokið. Hann kynnti framtíðarsýn bankans á blaðamannafundi á mánudag.

Ætlunin væri að bankinn yrði fyrsti kostur í hugum viðskiptavina bankans, á öllum starfssvæðum hans.

Þá er stefnan sett á að meira en fimmtíu prósent þess hlutfjárjars sem ekki er í eigu tengdra aðila verði í eigu erlendra fjárfesta. Björgólfur Thor Björgólfsson og tengdir aðilar eiga í dag tæp fjórutíu prósent hlutfjárjars í Straumi. Um tíu til fimmtán prósent af hlutfé sem ekki er í eigu Björgólfs eða tengdra aðila eru í dag í eigu erlendra fjárfesta. William sagðist búast við að skráning hlutabréfa bankans í evrum myndi laða fleiri erlenda fjárfesta að félaginu. Þá sagðist hann hafa orðið var við mikinn áhuga erlendra fjárfesta á bankanum frá því hann tók við.

## FLEIRI KONUR Í BANKANN

Ný markmið Straums ná einnig til starfsfólks bankans. Öllu starfsfólki bankans verða boðnir kaupréttarsamningar, sama hvaða störfum það gegnir. Þá eiga konur að verða fjórutíu prósent af starfsfólki bankans strax á næsta ári. Í dag er það hlutfall rúmlega þrjátíu prósent.

Straumur hefur orðið fyrir nokkurri gagnrýni vegna ónógrar upplýsingagjafar. Við þessu verður brugðist með því að gefa út rekstraráætlanir fyrir árið 2008 og ársfjórðungslegar áætlanir frá árinu 2009. Á því sviði skákar Straumur hinum íslensku bönkunum en enginn þeirra hefur gefið slíkar áætlanir út hingað til.

- hhs

## Samið um samstarf vegna Kaupþings

Fjármálaeftirlitið (FME) og Kredittilsynet í Noregi hafa gert með sér samning um samstarf vegna starfsemi útibús Kaupþings í Noregi.

Í tilkynningu FME kemur fram að ástæða samningsins sé að Kaupþing hafi sótt um aðild að innistæðutryggingasjóði norskra banka (Bankenes sikringsfond), en það sé gert til að tryggja að viðskiptavinir bankans í Noregi njóti sömu innistæðutryggingar og viðskiptavinir norskra innlánsstofnana. „Vernd innistæðueigenda er töluvert hærri í Noregi en á Íslandi. Með aðild Kaupþings að norska innistæðutryggingasjóðnum felst að sjóðurinn myndi þá greiða mismuninn á milli norsku og íslensku innistæðutryggingarinnar ef til þess kæmi,“ segir í tilkynningunni.

Samstarfssamningur FME og Kredittilsynet er sagður snúa að samstarfi eftirlitsaðilanna varðandi þessa aðild Kaupþings að sjóðnum, en forstjórn eftirlitsstofnananna, Jónas Fr. Jónsson og Björn Skogstad Aamo, skrif-



uðu undir samninginn í Ósló síðastliðinn fimmtudag, þar sem stóð yfir árlegur forstjórafundur norræna fjármálaeftirlita.

- óká

**SAMNINGUR UNDIRRITADUR** Jónas Fr. Jónsson, forstjóri Fjármálaeftirlitsins, og Björn Skogstad Aamo, forstjóri Kredittilsynet, skrifa undir nýjan samstarfssamning.

## Nýir í stjórn Seed Forum

Skipt var um stjórnarformann í Seed Forum á Íslandi auk þess sem þrjú nýir stjórnarmenn komu inn á aðalfundi félagsins á fimmtudag í síðustu viku. Seed Forum velur og þjálfar íslensk nýsköpunar- og frumkvöðlafyrirtæki til að kynna sig fyrir fjárfestum hér heima og erlendis.

Dr. Andri Ottesen, framkvæmdastjóri Klaks nýsköpunar- og frumkvöðlaseturs, tók við stjórnarformennsku af Jóni Helga Egilssyni, sem tók við stöðu framkvæmdastjóra hjá Seed Forum International í

Bandaríkjunum í vor. Hinir eru Eggert Claessen, formaður Samtaka viðskiptaengla, Jón Hreins-son, rekstrarstjóri Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, og dr. Rögnvaldur Sæmundsson, dósent við Háskólann í Reykjavík í nýsköpunar- og frumkvöðlafræðum.

Aðrir stjórnarmenn eru dr. Bjarki Brynjarsson hjá Askar Capital, Davíð Lúðvíksson, forstöðumaður nýsköpunarsviðs Samtaka iðnaðarins, og Jón Helgi. Þá er Elsa Einarssdóttir, forstöðumaður viðskiptaþjónustu breska sendiráðsins, áheyrnarfulltrúi.



**NÝR STJÓRNARFORMADUR** Andri Ottesen tók við stjórnarformennsku í Seed Forum af Jóni Helga Egilssyni á fimmtudag í síðustu viku.

MARKAÐURINN/GVA

**Stofnfjárútbóð SpKef**

Sparisjóðurinn í Keflavík býður nú út nýtt stofnfé að nafnverði kr. 1.000.000.000. Farið er með útbóðið skv. reglum um almennt útbóð verðbréfa, en stofnfjäreignendur sem skráðir eru við upphaf útbóðsins eiga forgangsrétt til áskriftar í samræmi við hlutfallslega eign sína, sbr. lög um fjármálaýrirtæki nr. 161/2002 og samþykktir sjóðsins.

Útbóðstímabilið er 14.-27. september 2007 og fellur áskrift í eindaga 12. október 2007. Verð hverrar krónu nafnverðs í útbóðinu er kr. 2.12138 og er heildarverðmæti útbóðsins því kr. 2.121.380.000. Heildarnafnverð stofnfjár fyrir hækkunina er kr. 1.800.000.000 og verður eftir hækkunina kr. 2.800.000.000, að því gefnu að allt seljist.

Umsjónaraðili útbóðsins er Sparisjóðurinn í Keflavík og má nálgast lýsingu og önnur gögn sem tengjast útbóðinu á heimasíðu Sparisjóðsins [www.spkef.is](http://www.spkef.is) og í afgreiðslum hans frá og með 14. september 2007.

Sparisjóðsstjórn

**SpKef**  
Sparisjóðurinn í Keflavík



---

**Saga Capital** er alþjóðlegur fjárfestingarbanki sem starfar á afmörkuðum sviðum fjármála og veitir þjónustu á sviði fyrirtækjaráðgjafar, útlána og verðbréfamiðlunar. Bankinn tekur jafnframt virkan þátt á innlendum og erlendum verðbréfamörkuðum með fjárfestingum fyrir eigin reikning. **Hugsum stærra.**

---

**Saga** *Capital*

## BANKAHÓLFID



### Skattaparadís Ingólfs

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, fór á kostum á ráðstefnu Glitnis í New York um jarðvarmavirkjanir. Þar dró hann upp skemmtilega mynd af því hvernig Reykjavík væri eina höfuðborgin sem hlýti nafn af jarðvarma, þegar Ingólfur Arnarson nefndi staðinn eftir reyknunum sem steig upp frá heitum laugunum. Ólafur vísaði til fjármálalegs bakgrunns þjóðarinnar í ljósi þess að landnámsmenn hefðu flúið skattheimtu Noregskonungs og því mætti segja að landið væri fyrsta skattaparadísin.

### Krónunni hlíft

Ólafur Ragnar fór ekki síður á kostum um kvöldið í mikilli veislu. Þar kynnti hann gest veislunnar, sjálfan Georges Soros. Ýmsum þótti heimurinn hafa þróað skemmtilega þegar fyrrverandi formaður vinstriflokks á Íslandi fór fögrum orðum um Soros, sem var löngum persónugervingur hins skeytingarlausu kapitalisma. Soros gerði sem kunnugt er fræga árás á breska pundið og fellði það í upphafi níunda áratugarins. Krónan kæmist væntanlega fyrir í rassvasanum hjá Soros, en í veislunni munu menn hafa tekið af honum loforð um að láta litlu myntina okkar vera.

### Ótraustir pörupiltar

Heiti á fyrirtækjum geta stundum staðið lengi í fólki. Skiljanlega, svo sem þar sem bestu nöfnin eru stundum löngu frátekin. Sumir bregða því á það ráð að taka upp undarleg en skemmtileg og stundum alíslensk heiti. Forsvarsmenn nýjasta götublaðsins, Kjallarans, eru nokkuð frumlegir í nafnavali. Útgáfufélagið heitir Pörupiltar ehf. en í lýsingu á því segir að það eigi sér engan fjárhagslegan bakhjarl. Vafasöm lýsing það, svo ekki sé meira sagt. Nú er bara að vona að þeir geri ekkert af sér þar sem bakhjarlinn virðist harla ótraustur.

**51** milljarðs króna viðskiptahalli á öðrum ársfjórðungi samkvæmt bráðabirgðatölum Seðlabanka Íslands.

**40%** hlutur í Tryggingamiðstöðinni sem Glitnir keypti í vikunni í því miði að selja hluta hans eða allan áfram til annarra fjárfesta.

**500** milljarða króna velta með hlutabréf Glitnis í Kauphöll Íslands það sem af er ári, sem er met.

# Lada eða Hummer?

„Lýsing hefur alla tíð haft fulla trú á okkar hugmyndum og viðskipti okkar hafa einkennst af trausti. Við erum mjög ánægð með okkar ráðgjafa en Lýsingu helst vel á starfsfólki og þannig skapast stöðugleiki í samskiptum. Það er svo gott að vita að hverju maður gengur.“

Garðar K. Vilhjálmsson framkvæmdastjóri, Bílaleigan Geysir



Lýsing hefur byggt upp orðspor sem traust fyrirtæki með afburða starfsfólk og persónulega þjónustu. Síðastliðin 20 ár hefur Lýsing stutt við bakið á fjölda fyrirtækja víðsvegar um landið og býður upp á fjölbreytta möguleika í fjármögnun sem er sérsníðin að þörfum hvers og eins.

Lýsing - fjármögnun í takt við þínar þarfir

**LÝSING**

LYSING.IS // 540 1500



**Valsað ál** fyrir þök og veggj  
Fegurð, mýkt, ending  
Fæst í 12 litum

ALCAN Novelis

Ál er okkar mál

Stórhöfða 33 • 110 Reykjavík • Sími: 577-4100 • www.altak.is

**ALTAK**